SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um afsögn Hönnu Birnu. **13**

MENNING Ljóðagjörningur úr ljóðum Steinunnar Sigurðardóttur í Iðnó. **20**

LÍFIÐ Gerði Norðurljósa-kvikmynd úr 50 þúsund ljósmyndum. **30**

SPORT Lionel Messi sló markametið í spænska boltanum um helgina. **26**

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Mánudagur
24. nóvember 2014
276. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR

Furða sig á vinnubrögðunum

Lögreglustjórar víða um land kannast ekki við að ráðherrar eða aðstoðarmenn hringi og biðji um gögn í sakamálarannsóknum. Sumir furða sig á vinnubrögðum fyrrverandi lögreglustjóra á Suðurnesjum. **6**

Músagangur með mesta móti Mildir vetur eru taldir hafa meira að segja um aukna ásókn músa í hús en að mýsnar flýi gasmengun í lofti. **2**

Óvissa um samkomulag Lokafrestur í viðræðum Írans og fimm þjóða um kjarnorkumál rennur út í Vínarborg í dag. **4**

Mikið tjón í jarðskjálfta Manntjón varð og mikið eignatjón í jarðskjálftum sem riðu yfir í Asíu. **6 og 11**

12

Bolungarvík	3°		SV	6
Akureyri	6°		SV	5
Egilsstaðir	7°		SA	6
Kirkjubæjarkl.	5°		SV	4
Reykjavík	6°		SV	7

Vætusamt Í dag ríkja SV-áttir að mestu leyti með rigningu eða skúrum víða um land, einkum fyrri part dags. Slydda á Vestfjörðum en úrkomulítið NA-til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

MIKIL ÁTÖK Í LAUGARDALNUM Metþátttaka var á Íslandsmótinu í uppgjafarglímu eða brasilísku jiu jitsu í gær. 110 tóku þátt og þar af 22 konur. Sunna Rannveig Davíðsdóttir úr Mjölni fagnar hér eftir að hafa unnið -64 kg flokk kvenna í glímu við Ólöfu Emblu Kristinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útgerðin gerði rangt upp við sjómennina

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna gerir Skinney-Þinganesi að greiða hærra verð fyrir síld frá eigin skipum. Við þetta hækka laun sjómanna en þau ákvarðast af virði aflans. Útgerðin segir að farið verði eftir úrskurðinum.

ATVINNUMÁL Skinney-Þinganesi hefur verið gert skylt að greiða ákveðið verð fyrir síld upp úr sjó og til bræðslu samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Útgerðin greiddi of lágt verð fyrir afla og hlunnfór þannig sjómenn sína að mati formanns Sjómannasambandsins.

Samkvæmt úrskurði nefndarinnar frá 27. október síðastliðnum skaut Verðlagsstofa skiptaverðs málinu, sem til er komið vegna verðlagningar Skinneyjar-Þinganess á síld hjá áhöfnum Jónu Eðvalds SF200 og Ásgríms Halldórssonar SF250, til úrskurðarnefndar. Bæði skipin stunda uppsjávarveiðar á síld, loðnu og makríl.

Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Skinneyjar-Þinganess, telur úrskurðinn ósanngjarnan. „Mitt mat er að úrskurður nefndarinnar sé ekki réttur en við munum að sjálfsögðu hlíta honum. Meira hef ég ekki að segja um þennan úrskurð," segir hann.

Aðalsteinn gefur lítið fyrir að sjómenn hafi verið hlunnfarnir. „Við erum bara að borga eftir samningum sem eru í gildi og erum ekki að svína á einum né neinum."

Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, segir þessa málavöxtu þekkta. „Samkvæmt kjarasamningi eiga útgerðarmenn og sjómenn að gera samning sín á milli. Það sem gerist í þessari verðmyndun á afla er að útgerðirnar kaupa afla af sjálfum sér og laun til sjómanna ákvarðast af virði aflans," segir hann.

Verðið sem Skinney-Þinganes greiddi fyrir aflann var 39,4 krónur á kílóið til vinnslu og 35,4 krónur til bræðslu, samkvæmt gögnum frá verðlagsstofunni. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var að hækka verðið til vinnslu upp í 50 krónur á kíló og í 38 krónur til bræðslu.

„Verðlagsstofa skiptaverðs á að fylgjast með samningum sem þessum. Þar segir í lögum að ef vikið verði verulega frá því sem eðlilegt getur talist, geti verðlagsstofan skotið máli til úrskurðarnefndar. Verðlagsstofa var þannig sett á laggirnar eftir verkfall sjómanna 1998 til að hafa eftirlit með að ekki sé svínað á sjómönnum. Það er ljóst að þarna hafa sjómenn verið hlunnfarnir um einhverjar upphæðir," segir Hólmgeir.

Ákvörðun úrskurðarnefndar gildir til aðfangadags jóla frá og með 24. október síðastliðnum.

- sa

ÁSGRÍMUR HALLDÓRSSON SF-250 Sjómenn fyrirtækisins urðu af tekjum að mati framkvæmdastjóra Sjómannasambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nafnleysingjar opna sig:

Safnar saman ástarbréfum

FÓLK „Þetta er mjög krassandi lesning og það kom mér á óvart hverju fólk er tilbúið til að deila," segir Katrín Helga Andrésdóttir, meðlimur Reykjavíkurdætra og Hljómsveittrar. Hún safnar ástarbréfum fyrir verkefni í Listaháskólanum. „Bæði ókunnugir og nánir hafa sent mér mjög persónulega pósta. Það er ótrúlega fallegt hvað fólk er að opna sig, þótt þetta sé nafnlaust." Í framhaldinu kveðst Katrín Helga hafa áhuga á að gefa út bók með bréfunum.

KATRÍN HELGA

- þij /sjá síðu 30

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

SPURNING DAGSINS

Ómar, var þetta létt verk og löðurmannlegt?

„Gretti Ásmundssyni fannst létt verk og löðurmannlegt að skrúbba pabba sinn á bakinu. Þá hlýtur mér að hafa fundist létt verk og löðurmannlegt að láta bílaþvottastöð skrúbba mig, sem mér fannst reyndar ekki.“

Ómar Ragnarsson sigraði nýverið í myndbandasamkeppni Löðurs með því að fara í gegnum bílaþvottastöð á opnum bíl.

Útboð Akureyrarbæjar á snjómokstri og hálkuvörnum sett í uppnám:

Kærðu útboð í mokstur gatna

AKUREYRI Tvö verktakafyrirtæki, GV gröfur ehf. og G Hjálmarsson ehf., hafa kært útboð Akureyrarbæjar á snjómokstri og hálkuvörnum sveitarfélagsins 2015-2016 til úrskurðarnefndar útboðsmála. Telja fyrirtækin ekki hafa verið rétt staðið að útboðinu.

Málið var tekið fyrir á fundi framkvæmdaráðs Akureyrarbæjar í síðustu viku og ákveðið að fresta því að taka ákvörðun í útboðinu þar til niðurstaða kærunefndarinnar væri fengin. Á fundinum átti að tilkynna niðurstöður útboðsins en ekki þótti eðlilegt að klára málið meðan það væri í kæruferli.

Dagur Fannar Dagsson, formaður framkvæmdaráðs, telur málið á viðkvæmu stigi. „Nú er málið í kæruferli og á meðan get ég ekki tjáð mig um málið. Hins vegar vona ég að þetta fái skjóta afgreiðslu hjá kærunefnd útboðsmála.“

Hvorki forsvarsmenn GV grafa ehf. né G Hjálmarssonar ehf. vildu veita viðtal vegna þessa þegar Fréttablaðið náði tali af þeim. - sa

AKUREYRI Forsvarsmenn GV og G Hjálmarssonar vildu ekki veita viðtal. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Varði heimsmeistaratitilinn:

Magnus Carlsen heimsmeistari

SKÁK Magnus Carlsen, Norðmaðurinn ungi, varði heimsmeistaratitil sinn í skák í gær, þegar hann sigraði í 11. skák einvígisins við Indverjann Viswanathan Anand.

Sigurinn í gær tryggði Carlsen sex og hálfan vinning, nóg til að vinna tólf skáka heimsmeistaraeinvígið.

Einvígi þeirra er hið annað í röðinni. Fyrra einvígið fór fram í Chennai í Indlandi árið 2013. Það endaði líka með sigri Magnusar Carlsen. - sa

FORSETINN KVEÐUR Hifikepunye Phamba ásamt eiginkonu sinni, Pnehupifo Phamba, á fjölmennum kosningafundi á Sam Nujoma-leikvanginum í Windohek í Namibíu. Forsetakosningar verða í landinu á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hifikepunye Phama lætur af embætti eftir tíu ára starf:

Styttist í kosningar í Namibíu

NAMIBÍA, AP Kosið verður til þings og forsetaembættis í Namibíu næsta föstudag. Forsætisráðherra landsins, Hage Geingob, er talinn líklegur sem næsti forseti en hann barðist fyrir sjálfstæði Namibíu fyrir nokkrum áratugum. Gangi það eftir tekur hann við af Hifikepunye Pohama sem stígur til hliðar eftir tíu ár í embætti.

Pólitískur stöðugleiki hefur verið mikill í Namibíu og þar hafa peningar úr námuvinnslu hjálpað til, auk þess sem tekjur af ferðamönnum hafa verið miklar. Geingob hefur engu að síður viðurkennt að fátækt sé vandamál í landinu og að heilbrigðisþjónusta þurfi að vera betri. - fb

Meiri músagangur en gengur og gerist

Músagangur hefur verið meira vandamál að undanförnu heldur en venjulega. Getgátur eru á lofti um hvort gasmengun frá eldgosinu í Holuhrauni valdi auknum músagangi í íbúðarhúsum. Mildir vetur hafa þó valdið stærri stofni músa.

DÝRALÍF Músagangur hefur verið meira vandamál en venjulega hér á landi undanfarnar vikur. Útköllum meindýraeyðis hefur fjölgað um 300 prósent á milli ára. Getgátur hafa verið á sveimi um að aukinn músagangur stafi af eldgosinu í Holuhrauni og að mýs leiti mikið inn í hús til að forðast gasmengun.

„Ég veit ekki með tengslin en ég tel það mjög vafasamt að aukinn músagangur stafi af gasmengun. Stofninn getur verið stærri núna út af mildari vetrum og er það líkleg ástæða fyrir því að þetta er meira vandamál núna en áður,“ segir Jón Már Halldórsson, meindýraeyðir á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

Hann segir að útköllum hafi fjölgað talsvert að undanförnu á milli ára. „Ég er nú að sinna á bilinu tíu til tuttugu útköllum á viku, sem er um það bil 300 prósenta aukning á milli ára ef ég reikna þetta gróflega,“ segir Jón Már.

Spurður út í hvort gasmengunin geti haft áhrif á stofninn segir Jón Már mengunina hafa sín áhrif. „Það hafa fundist dauð dýr á suðausturhluta landsins eins og á Höfn í Hornfirði, þar sem mengunin hefur verið hvað mest. Þessar eitruðu lofttegundir eru auðvitað skaðlegar fyrir dýrin en þær ættu ekki að hafa áhrif á höfuðborgarsvæðinu,“ útskýrir Jón Már.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur að undanförnu mest verið um músagang í Garðabæ, á Álftanesi og í Hafnarfirði. Jón Már segir skýringuna á því líklega vera nándina við hraunið.

NÓG AÐ GERA Kettir landsins hafa líklega í nógu að snúast við að handsama mýs vegna mikils músagangs víða um land. NORDICPHOTOS/AFP

Guðmundur Ögmundsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli, segist ekki finna fyrir auknum músagangi í þjóðgarðinum. „Það er auðvitað einhver músagangur hérna á haustin en ekkert í okkar í húsum. Það hefur ekki verið nein gasmengun hjá okkur og tel ég mengunina ekki vera ástæðu fyrir auknum músagangi,“ segir Guðmundur.

gunnarleo@frettabladid.is



„Það hafa fundist dauð dýr á suðausturhluta landsins eins og á Höfn í Hornfirði.

Jón Halldórsson, meindýraeyðir.

Leiðandi í sjálfbærni:

Ísland hlýtur verðlaun ytra

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

VERÐLAUN Cornell-háskóli í Bandaríkjunum veitti forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, og íslensku þjóðinni heiðursverðlaun fyrir forystu á sviði endurnýjanlegrar orku og sjálfbærni. Þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin eru veitt og fór athöfnin fram í Íþöku í New York-ríki á föstudag.

Verðlaunin, sem bera heitið The Atkinson Center Award for Global Leadership in Sustainable Development, eru tengd sérstakri stofnun við Cornell-háskóla. - glp

Fær styrk vegna vefsíðu:

Sóknarprestur á fjárhagsáætlun

FJALLABYGGÐ Sóknarpresturinn á Siglufirði, Sigurður Ægisson, hefur undanfarin ár fengið árlegan styrk frá Fjallabyggð vegna heimasíðu sem hann heldur úti.

Bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti fyrir sitt leyti að styrkja Sigurð á árinu 2015 vegna heimasíðunnar Siglfirðingur.net. Bæjarstjórn á eftir að samþykkja styrkveitinguna. Að sögn Steinunnar Maríu Sveinsdóttur, formanns bæjarráðs, er styrkurinn veittur vegna mikilvægis síðunnar fyrir bæjarfélagið. Hún sé bæði upplýsingasíða og sagnfræðileg heimild um byggðarlagið. - sa

Mannvirðing
Siðmennt styður **opið, víðsýnt** og **fjölbreytt** samfélag
SIÐMENNT
www.sidmennt.is
kynntu þér málið!

Flóðahætta vegna eldgoss á hálendinu hefur ýtt undir sölu á rafstöðvum:

„Menn hafa greinilega varann á“

NÁTTÚRA Það er ekki eingöngu gasmengun frá gosinu í Holuhrauni sem getur valdið usla. Starfshópur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og Viðlagatryggingar Íslands hefur sent frá sér greinargerð sem hafði það að meginmarkmiði að greina áhrif flóða í kjölfar eldgoss í Bárðarbungu.

KRISTÓFER S. SNÆBJÖRNSSON

Þessi ógn hefur haft í för með sér aukna eftirspurn eftir rafstöðvum hér á landi. „Við finnum fyrir aukinni eftirspurn og það eru ýmis fyrirtæki sem eru að versla, bæði birgjar og hjálparstofnanir,“ segir Kristófer S. Snæbjörnsson, sölustjóri véla- og tækjadeildar hjá Merkúr, sem er fyrirtæki sem selur meðal annars rafstöðvar. Hann segir rafstöðvarnar geta bjargað miklu ef upp kemur rafmagnsleysi. „Þær geta bjargað miklu, sérstaklega tölvukerfum, og þess háttar. Þessir stóru lagerar hjá hinum ýmsu fyrirtækjum eru mest megnis keyrðir af tölvum. Það eru mörg fyrirtæki sem ekki geta komið frá sér afurðum nema að hafa rafmagn,“ segir Kristófer.

FLÓÐAHÆTTA Mikil hætta er á flóðum ef eldgos verður í Bárðarbungu og gætu þau raskað raforkuflutningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann segir algengast að verið sé að spyrja um minni og meðalstórar rafstöðvar sem eru í kringum 30 kílóvött. „Þessar minni og meðalstóru rafstöðvar geta bjargað tölvukerfi í miðlungsstóru fyrirtæki. Menn hafa greinilega varann á enda er það mun skynsamlegra ef við lendum í einhverju veseni,“ bætir Kristófer við. Fyrirspurnirnar koma víðs vegar að og meðal annars frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Að undanförnu hefur þó mikið borið á fyrirspurnum frá fyrirtækjum á Suðausturlandi. - glp

Síminn

Snjallpakkarnir okkar eru sveigjanlegri

Sveigðu pakkann

Ef þú klárar gagnamagnið í farsímaleiðinni geturðu nú skipt mínútum út fyrir gagnamagn og haldið áfram að vafra.

90 mín. | 50MB — 60 mín. | 200MB — 30 mín. | 500MB
fleiri mín. — **990 kr.** — fleiri MB

120 mín. | 500MB — 90 mín. | 750MB — 60 mín. | 1GB
fleiri mín. — **1.990 kr.** — fleiri MB/GB

350 mín. | 1GB — 250 mín. | 3GB — 120 mín. | 10GB
fleiri mín. — **3.990 kr.** — fleiri GB

Kynntu þér nýju sveigjanlegu Snjallpakkana

Allir sem eiga snjallsíma vita að suma mánuði talar maður meira en aðra mánuði er maður meira á netinu í símanum. Sveigjanlegu Snjallpakkarnir okkar eru farsímaleið þar sem þú sveigir pakkann þinn, hvort sem er í áskrift eða Frelsi, með því að skipta mínútum út fyrir gagnamagn eða öfugt, allt eftir þörfum hverju sinni. Þú stjórnar og aukakostnaðurinn er enginn!

Þú getur meira með Símanum

siminn.is

ENNEMM / NM65658

SVONA ERUM VIÐ

119,7 stig mældist vísitala kaupmáttar launa hér á landi í síðasta mánuði. Hún mældist hins vegar 114,4 stig á sama tíma í fyrra.

Ef eldri virkjunarkostir fara í nýtingarflokk fellur gamla umhverfismatið úr gildi eftir tíu ár:

Nýtt umhverfismat getur tekið nokkur ár

UMHVERFISMÁL Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, segir að þegar virkjanir fari í nýtingarflokk í rammaáætlun, þurfi að fara fram umhverfismat.

Ef um eldri virkjunarkosti sé að ræða, falli gamla umhverfismatið úr gildi eftir tíu ár. Það hafi gerst í Bjarnarflagi og eigi einnig við um alla virkjunarkosti í Neðri-Þjórsá.

Jón segir að umhverfismat sé mjög tímafrekt og ef Skipulagsstofnun komist að þeirri niðurstöðu að forsendur hafi breyst og það þurfi að framkvæma nýtt og ítarlegt umhverfismat, eins og raunin sé í Bjarnarflagi, geti það tekið einhver ár.

JÓN GUNNARSSON

Atvinnuveganefnd fjallar nú um rammaáætlun. Jón segir að meirihluti nefndarinnar vilji færa Urriðafossvirkjun í Neðri-Þjórsá úr biðflokk í nýtingarflokk. Þá sé verið að skoða að færa fleiri kosti í nýtingarflokk. Fullur hugur er í meirihluta nefndarinnar að fjölga valkostum í nýtingarflokki umfram það sem verkefnastjórn um rammaáætlun lagði til.

Ekki sé tímabært að greina betur frá því að sinni en það megi nefna að ekki hafi verið rök fyrir því að tefja framkvæmdir í Neðri-Þjórsá, og eins megi nefna Hagavatnsvirkjun, virkjun í Hólmsá við Atley og mögulega fleiri kosti. - þká

URRIÐAFOSS Meirihluti atvinnuveganefndar Alþingis vill færa Urriðafossvirkjun í Neðri-Þjórsá úr biðflokki í nýtingarflokk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Óvíst að samkomulagi verði náð í kjarnorkuviðræðunum í Vínarborg

Lokafrestur í viðræðum Írans og fimm þjóða um kjarnorkumál Írana rennur út í Vínarborg í dag. Óvíst er hvort samkomulag næst og líklegt þykir að viðræðum verði haldið áfram síðar. Bandaríkjamenn óttast sem fyrr að Íranar ætli að smíða kjarnorkuvopn.

VÍN, AP Óvíst er að samkomulag náist í dag þegar lokafrestur í viðræðum um kjarnorkumál í Íran rennur út. Fundarhöld hafa staðið yfir í Vínarborg í Austurríki að undanförnu. Svo gæti farið að Íran og stórveldin sex sem eiga í viðræðunum muni gera með sér samkomulag um nýjan lokafrest.

Mögulegt er að „almennt pólitískt samkomulag“ náist í Vín sem báðir samningsaðilar þurfa síðan að koma sér betur saman um. Viðræður um samkomulagið þyrftu að fara síðar fram með tilheyrandi undirskriftum, samkvæmt upplýsingum frá meðlim írönsku samninganefndarinnar. Í framhaldinu þyrftu samningaviðræður svo að halda enn frekar áfram um þau mál sem voru ekki í „almenna samkomulaginu“.

Þeir fulltrúar sem hafa tekið þátt í samningaviðræðunum í Vín segja að töluvert beri á milli í viðræðum Bandaríkjanna og Írans um hversu mikið Íranar þurfi að draga úr kjarnorkustarfsemi sinni. Bandaríkjamenn óttast að Íranar hafi í hyggju að smíða kjarnorkuvopn en þeir segjast engan áhuga hafa á því. Þeir séu að nota kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi til að framleiða raforku.

Íranar vilja engu að síður semja við Bandaríkin til að binda enda á alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn þeim sem tengjast kjarnorkustarfseminni.

„Markmið okkar hefur verið að loka fyrir þær mörgu leiðir sem Íranar geta farið til að eignast kjarnorkuvopn,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti. „Á sama tíma þurfum við að sjá til þess að dregið verði úr refsiaðgerðunum skref fyrir skref ef Íranar eru að gera það sem þeir eiga að gera. Ég held að Íranar vilji að refsiaðgerðirnar verði stöðvaðar þegar í stað en samt hafa einhverjar leiðir verið opnar á sama tíma og við getum ekki leyft það,“ sagði forsetinn í viðtali í þættinum This Week á sjónvarpsstöðinni ABC.

Stífar viðræður hafa staðið yfir í Vín á milli utanríkisráðherra Írans og fimm þjóða, Bandaríkjanna, Rússlands, Frakklands, Bretlands og Þýskalands. Utanríkisráðherra Kína var svo væntanlegur til borgarinnar í dag. Til að mynda hefur John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, margsinnis fundað með Mohammad Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, í von um að ná samkomulagi.

„Við leggjum hart að okkur. Við vonum að við séum smám saman að ná saman en það eru enn stór mál sem þarf að útkljá,“ sagði Kerry.

freyr@frettabladid.is

STYÐJA ÍRAN Hópur íranskra stúdenta sýnir löndum sínum stuðning fyrir framan kjarnorkustofnun Írans í höfuðborginni Teheran. „Burt með refsiaðgerðirnar“ stendur á einu skiltanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Við leggjum hart að okkur. Við vonum að við séum smám saman að ná saman en það eru enn stór mál sem þarf að útkljá.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Markmið okkar hefur verið að loka fyrir þær mörgu leiðir sem Íranar geta farið til að eignast kjarnorkuvopn.

Barack Obama, Bandaríkjaforseti.

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	21°	Friedrichshafen	16°	New York	19°
Aþena	13°	Gautaborg	10°	Orlando	29°
Basel	12°	Kaupmannahöfn	10°	Ósló	4°
Berlín	9°	Las Palmas	23°	París	12°
Billund	9°	London	8°	San Francisco	16°
Frankfurt	11°	Mallorca	22°	Stokkhólmur	8°



Á MORGUN Víða 10-18 m/s, einkum á annesjum.

MIÐVIKUDAGUR Yfirleitt hæg S-átt og kólnar í veðri.

SUÐLÆGAR ÁTTIR Í dag verður þungbúið og fremur vætusamt á landinu en úrkomulítið NA-til. Á morgun bætir heldur í vind en það lægir á ný á miðvikudag og þá kólnar í veðri og búast má við stöku éljum við S- og V-ströndina.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

www.peugeot.is

EKKI VILLAST
VIÐ KAUP Á NÝJUM BÍL

Myndin sýnir **Peugeot 208** í Allure útfærslu. *Viðbótarábyrgð Peugeot, SAFE +3

PEUGEOT **208** NAVI

MEÐ ÍSLENSKU LEIÐSÖGUKERFI

KR. 2.550.000

PEUGEOT **208**

KOSTAR FRÁ KR.

2.290.000

NÚ FÁANLEGUR MEÐ
5 ÁRA ÁBYRGÐ*

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,3** til **4,5**L/100km og CO_2 útblástur (g/km) frá **85** til **104**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvaða þjóð fékk á sæti á HM í handbolta í Katar ásamt Íslandi?
2. Hver tók sæti Björgvins Skúla Sigurðssonar í stjórn Arion banka?
3. Hvaða þekkta skipi stelur Steindi í nýju þáttaröðinni Hreinum Skildi til að sigla til Ibiza?

SVÖR
1. Sádi-Arabía. **2.** Brynjólfur Bjarnason, fyrrverandi framkvæmdarstjóri Framtaksjóðs Íslands. **3.** Herjólfi.

Jarðskjálfti af stærðinni 5,9 til 6,3 olli manntjóni og umtalsverðum eignaspjöllum í vesturhluta Kína:

Fimm létu lífið og 54 meiddust í jarðskjálfta

KÍNA, AP Fimm létu lífið og 54 slösuðust að því er stjórnvöld í Kína sögðu í gær um afleiðingar öflugs jarðskjálfta sem reið yfir strjálbýlt fjallahérað í vesturhluta Kína á laugardag. Meðal þeirra slösuðu eru grunnskólabörn sem meiddust í atgangi sem varð þegar ofsahræðsla greip um sig.

Bandaríska veðurstofan segir að skjálftinn, sem sagður er 5,9 að stærð, hafi orðið um 30 kílómetra frá Kangding-sýslu í Sichuan-héraði á laugardag. Kínverska jarðskjálftastofnunin segir stærð skjálftans hafa verið 6,3.

Síðdegis í gær var einnig einnar manneskju saknað eftir skjálftann, að sögn héraðsstjórnarinnar í Ganzi sem nær einnig yfir Kangding.

Þá kemur fram í upplýsingum stjórnvalda að um 30 heimili hafi hrunið og 2.630 önnur orðið fyrir miklum skemmdum. - óká

SLÖSUÐUM SINNT Læknir á sjúkrahúsi í Kangding-sýslu hugar að sjúklingi sem meiddist í öflugum jarðskjálfta sem reið yfir um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

RISTAÐU BRAUÐIÐ
• með Dualit •

Brauðrist
• 2 brauðsneiðar
• Auðvelt að þrífa
Kr. 16.009,-

Dualit vörurnar eru margverðlaunaðar og hafa fengið m.a. stimpilinn frá Good Housekeeping Institute.

Dualit.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

ÓKEYPIS SNÍÐANÁMSKEIÐ!
Ótrúlega fljótleg og sniðug aðferð til að laga snið að þínum þörfum.
Lærðu þessa SNIÐUGU AÐFERÐ á aðeins EINNI KLST!!

* Lærðu að sníða sniðin að þér og þínu ummáli.
* Sjáðu hvernig þetta vesti er gert á mettíma þannig að það passi á einn af þátttakendum námskeiðsins.
* Fyrir byrjendur og lengra komna.
* Engar skuldbindingar.

AÐEINS 5 DAGAR Í REYKJAVÍK
Þriðjudaginn 25/11 til laugardagsins 29/11
VIRKA
MÖRKIN 3 - S: 568 7477
Kennt er kl.11,00 13,00 og 17,00
Laugardagur aðeins 11,00 og 13,00
Skráið ykkur sem allra fyrst, takmarkaður fjöldi!
Komið með auglýsinguna til að fá 3 snið frítt.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

SIGRÍÐUR BJÖRK Á FUNDI STJÓRNSKIPUNARNEFNDAR Lögreglustjórar kannast ekki við það verklag sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum viðhafði í lekamálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglustjórar furða sig á verklagi Sigríðar

Lögreglustjórar víða um land sem Fréttablaðið ræddi við í gær kannast ekki við það verklag sem Sigríður Björk Guðjónsdóttir, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, viðhafði í samskiptum sínum við Gísla Frey Valdórsson í lekamálinu.

STJÓRNSÝSLA Enginn yfirmaður lögreglu í lögreglustjóraumdæmum landsins sem Fréttablaðið ræddi við í gær kannast við það að starfsmaður ráðneytis, aðstoðarmaður ráðherra dómsmála eða ráðherra sjálfur hringi og biðji um gögn í sakamálarannsókn á vegum lögregluembættisins. Sumir lögreglustjórar, sem Fréttablaðið náði tali af í gær, furða sig á vinnubrögðum lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í yfirlýsingu sem Sigríður Björk Guðjónsdóttir, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, sendi frá sér 18. nóvember síðastliðinn segir hún að á þessum tíma hafi verið töluverð samskipti á milli ráðuneytisins og embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum um ýmis mál. Einnig segir hún að embættinu beri að veita ráðuneyti, sem æðra stjórnvaldi, þær upplýsingar sem það óskar.

GÍSLI FREYR VALDÓRSSON

Hins vegar var aldrei um formlega beiðni frá ráðuneytinu að ræða heldur aðeins óformlegt símtal Gísla Freys Valdórssonar við Sigríði Björk þar sem Gísli Freyr biður hana um trúnaðargögn úr sakamálarannsókn. Ennfremur segir Sigríður Björk í viðtali við RÚV að hún hafi aldrei, meðan málið var til rannsóknar, tilkynnt um samskipti sín við Gísla Frey.

Þeir lögreglustjórar sem Fréttablaðið náði tali af í gær, auk fyrrverandi lögreglustjóra, eru allir á einu máli um að framkvæmd þá sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum viðhafði í umræddu máli þekki þeir ekki úr störfum sínum. Enginn kannaðist við að hafa fengið viðlíka símtal. Einn lögreglustjóri kallar þessi vinnubrögð „undarleg“ og segir að þetta mál gæti orðið lögreglustjóranum í Reykjavík afar erfitt. Annar lögreglustjóri telur að öll svona mál og allar fyrirspurnir eigi að vera skriflegar og þannig eigi einnig að svara.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, telur aðstoðarmenn ekki hafa heimild til að óska eftir gögnum um einstök mál sem heyra undir ráðherra þeirra. Aðstoðarmenn geti einungis óskað eftir gögnum sem varða pólitísk störf ráðherra sem þeir vinna fyrir eða stefnumótun. Ragnhildur bendir jafnframt á að rannsókn lögreglu á sakamálum og meðferð ákæruvalds lýtur ekki eftirliti dómsmálaráðherra heldur ríkissaksóknara sem er æðsti handhafi ákæruvalds. sveinn@frettabladid.is

Þrátt fyrir mótatkvæði hefur ríkisstjórn Ísraels samþykkt umdeilda löggjöf:

Lög um Ísrael sem ríki gyðinga

ÍSRAEL, AP Ákvörðun ríkisstjórnar Ísraels í gær um að samþykkja lagafrumvarp þar sem Ísraelsríki er skilgreint sem ríki gyðinga er sagt líkleg til að verða sem olía á eld í samskipum við arabíska íbúa landsins. Fjórtán ráðherrar greiddu frumvarpinu atkvæði, en sex ráðherrar úr tveimur flokkum voru á móti.

Ákvörðunin, sem þegar hefur vakið heitar umræður sem gætu jafnvel ógnað fjölflokkasamstarfi ríkisstjórnar Benjamins Netanjahu, forsætisráðherra Ísrael, kemur í kjölfar vikulangra átaka sem upp hafa komið í samskiptum gyðinga og araba í landinu. Hún er af gagnrýnendum sögð skaða ímynd landsins sem lýðræðisríkis og illa tímasett þegar aðstæður séu jafnviðkvæmar og raun beri vitni. Frumvarpið fer nú frá ríkisstjórninni aftur til þingsins þar sem kosið verður um það.

BENJAMIN NETANJAHU

Ísrael hefur allt frá sjálfstæðisyfirlýsingu landsins 1948 skilgreint sig sem „gyðingaríki“, en nýju lögin gera skilgreininguna hluta af „grunnlögum“ eða því sem svarar til stjórnarskrár Ísraels. - óká

SKEMMDARVERK Palestínskur maður bendir á veggjakrot landtökumanna úr hópi Ísraela sem reyndu að kveikja í heimili hans á Vesturbakkanum. Á veggnum stendur „Dauða yfir araba!“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Nýjir litir að lenda!

PHILIPS

PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ANDROID OG AMBILIGHT Í ÚRVALI

ambilight 2

með Android

1000W CHEF HRÆRIVÉL

HITAÞOLINN GLERBLANDARI OG HAKKAVÉL FYLGJA

KENWOOD

Kenwood KMC570

JÓLATILBOÐ
69.995
FULLT VERÐ 89.995

PRINCESS

Princess 112380
245w þurrkari fyrir mat. Þurrkar á 8-12 tímum. Hægt að stilla hita frá 35°-70°.

VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS HealthyWhite

FYRIR HVÍTARI TENNUR

Philips HX6711
Sonicare tannbursti með hleðslu. Stillingar fyrir 2ja mín. hreinsun með 30 sek. hvítun.

RECOMMENDED BRAND BY DENTAL PROFESSIONALS #1

VERÐ
11.995
FRÁBÆRT VERÐ

Nikon

TASKA, 16GB KORT OG WIFI ADAPTER FYLGJA!

Nikon D3200KIT1855VR
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn.

Nikon SCHOOL

Nikon School námskeið fylgir.

JÓLATILBOÐ
84.995
FULLT VERÐ 109.995

Elna ELNA220EX
Saumavél með 15 sporgerðir. Sporatafla að framan. Stilliskífa fyrir spor. Nál stillanleg frá miðju. Spóluvinda og tvinnahnífur. 4 gerðir saumfóta. Overlock. Ábreiða og íslenskur leiðarvísir fylgir.

JÓLATILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 37.995

KENWOOD

Kenwood CH550
400w Mini matvinnsluvél með 2 hraðastillingum. 500ml ílát. Hnífar úr ryðfríu stáli. Má setja í uppþvottavél.

VERÐ
5.495
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips AE2800
Vandað útvarp með stöðvaminnum og klukku.

ÚTVARP MEÐ LANGBYLGJU

VERÐ
17.995
FRÁBÆRT VERÐ

PRINCESS

Princess 173000
Flottur fondú pottur tilvalinn fyrir súkkulaði eða ostafondú. 6 pinnar fylgja.

VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ

PRINCESS

Princess 221203
600w töfrasproti með hraðastillingum og túrbó. Ryðfríir stálhnífar og þægilegt handgrip. Auðvelt að þrífa. Þeytari, hakkari, skál og geymslustandur fylgir.

VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Bluetooth

PRÁÐLAUS BLUETOOTH HEYRNARTÓL Í ÚRVALI

PHILIPS Senseo

PHILIPS

Philips BT2500W
Flottur þráðlaus bluetooth ferðahátalari. Innbyggður hljóðnemi og því hægt að svara símtölum í gegnum hátalarann.

Bluetooth

VERÐ
14.995
FRÁBÆRT VERÐ

iRobot

HREIN SNILLD!

SJÁLFVIRK GÓLFMOPPA

iRobot Braavia 380
Sjálfvirk hljóðlát skúringarmoppa, bæði fyrir blautt og þurrt – algjör snilld

JÓLATILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 54.995

Öllum Senseo vélum fylgja 2 Senseo glös og 2 pakkar af kaffi!

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HEIMURINN

Ver breyttar áherslur

1 **BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti gefur lítið fyrir gagnrýni repúblikana á ákvörðun hans um að aflétta þeirri ógn, sem hvílt hefur yfir milljónum ólöglegra innflytjenda í Bandaríkjunum, að þeim verði vísað úr landi. Í viðtali í þættinum This Week á sjónvarpsstöðinni ABC í gær sagði hann mikilvægt að forgangsraða þannig að áhersla verði lögð á að vísa glæpamönnum úr landi og fólki sem nýkomið sé til landsins, en hlífa þeim sem verið hafi í Bandaríkjunum í að minnsta kosti fimm ár og náð að festa þar rætur.

45 fórust á blakmóti

2 **AFGANISTAN, AP** Að minnsta kosti 45 fórust og tugir særðust þegar sjálfsmorðsárásarmaður sprengdi sig í loft upp á blakmóti í austurhluta Afganistans í gær. Þetta er mannskæðasta hryðjuverkaárásin í landinu á þessu ári. Árásin var gerð nokkrum klukkustundum eftir að þing landsins samþykkti að leyfa hermönnum frá Bandaríkjunum og Nató að dvelja í landinu lengur en út þetta ár. Árásarmaðurinn hafði laumað sér inn í hóp áhorfenda þegar hann setti sprengibúnaðinn af stað. Enginn hafði í gær lýst ábyrgð á verknaðinum.

Verður ekki forseti til æviloka

3 **MOSKVA, AP** Vladimír Pútín segist ekki ætla að verða forseti Rússlands alla sína ævi. Samkvæmt viðtali við rússnesku fréttastofuna Tass mun hann í síðasta lagi láta af embætti árið 2024 eins og stjórnarskráin kveður á um. „Að vera lengur en það í embætti yrði „skaðlegt fyrir þjóðina og það má ekki gerast“, sagði Pútín, sem er 62 ára. Hann bætti við að það færi eftir stöðu landsins og „eigin skapi“ hvort hann byði sig fram til fjórða kjörtímabilsins árið 2018 en hann komst fyrst til valda árið 2000.

Fátækt er gífurlegt vandamál í Pakistan

MATARTÍMINN UNDIRBÚINN Pakistönsk fjölskylda undirbýr matmálstíma fyrir utan heimili sitt í útjaðri borgarinnar Lahore í gær. Opinberar tölur í Pakistan áætla að einungis 58 prósent þjóðarinnar séu læs og að 22 prósent, rúmur fimmtungur landsmanna, búi við fátæk. Hagfræðingar ótengdir stjórn Pakistans eru hins vegar sagðir telja að raunin sé nær því að 30 prósent íbúa búi við fátækt. NORDICPHOTOS/AFP

Opinn fræðslufundur

Erfðir brjóstakrabbameins

mánudaginn 24. nóvember kl. 17:00 - 18:30
í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8

Erindi flytja:

Kristján Skúli Ásgeirsson, brjóstaskurðlæknir, Landspítala

Þórunn Rafnar, erfðafræðingur, ÍE

Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár

Kári Stefánsson, læknir og erfðafræðingur, ÍE

Kaffiveitingar frá kl. 16:30

ÍSLENSK ERFÐAGREINING Í samráði við Krabbameinsfélag Íslands Krabbameinsfélagið Brjóstaheill Samhjálp kvenna

Í HOLUHRAUNI Mengun er enn mikil frá Holuhrauni þar sem hraunið streymir fram með sama hætti og verið hefur síðustu vikur. MYND/MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

Einn hlýjasti nóvember í manna minnum:

Sagt er að frekar gjósi í hlýju veðri

NÁTTÚRA Veðurblíða hefur ríkt á landinu í haust og er nóvembermánuður einn sá hlýjasti í manna minnum. Til að mynda hefur hitastig í nóvember verið fjórum gráðum hærra en í meðalári.

Til marks um blíðuna er að á Akureyri hefur verið nær snjólaust allan nóvembermánuð og frostdagar sárafáir.

Ekki er vitað með vissu hvað veldur þessum hlýindum. Margir hafa viljað bendla eldsumbrotin í Holuhrauni við þá veðurblíðu sem nú ríkir. Þótt ekki sé hægt að staðfesta slíkt með nútímavísindum eru til gamlar sagnir sem tengja eldgos og veðursæld. Þetta segir Símon Jón Jóhannsson, þjóðháttafræðingur.

„Það eru til gamlar sagnir sem segja frá því að líklegra sé að gjósi á Íslandi í góðri tíð. Því hefur verið haldið fram að þegar tíðin er góð þá sé líklegra að fari að gjósa. Hins vegar er ekkert hægt að segja til um hvað komi á undan, góða veðrið eða eldgosið,“ segir Símon Jón. - sa

> **Því hefur verið haldið fram að þegar tíðin er góð þá sé líklegra að fari að gjósa. Hins vegar er ekkert hægt að segja til um hvað komi á undan, góða veðrið eða eldgosið.**
>
> *Símon Jón Jóhannsson, þjóðháttafræðingur.*

Framúrskarandi myndgæði og glæsileg hönnun

SAMSUNG

SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

55" UH55HU7205 560.000.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-

65" UH65HU7205 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

SAMSUNG

SAUE65HU8505QXXE

Stærð: 65" eða 163cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 1200
3D Stuðningur: Já, ásamt 2D to 3D Converter

55" UH55HU8505 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-

65" UH65HU8505 1.159.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 927.920.-

SAMSUNG SOUNDBAR 310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu. Til í svörtu og silfur.

HWH550
Sniðin fyrir 46" tæki.
111.920 áður 139.900

HWH751
310W lampamagnari.
151.920 áður 189.900

HWH7501
Bogin og hentar vel með 55".
151.920 áður 189.900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR · BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

Handtekinn fyrir eignaspjöll:

Berserkur æddi á móti umferð

LÖGREGLUMÁL Óður maður, vopnaður sleggju og hamri, gekk berserksgang á Miklubraut á laugardagskvöld. Tvisvar var ekið á manninn þar sem hann hljóp á móti umferð og reyndi að komast inn í bíla. Vitni segjast aldrei hafa séð annað eins.

Í skýrslu lögreglu segir einungis að maður í mjög annarlegu ástandi hafi verið handtekinn á Miklubraut klukkan hálf sjö, grunaður um eignaspjöll. Áverkar hans virðast hafa verið minniháttar. - khn

Segist trúa því að fjárframlög verði aukin til heilbrigðismála þegar hún sjái það gert:

Fjárlaganefnd ræðir vanda Landspítalans

ALÞINGI Oddný Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, segir að fjárlaganefnd hafi rætt vanda Landspítalans, áhrif matarskatts og fjöldatakmarkanir í framhaldsskóla að undanförnu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í ræðu á haustfundi framsóknarmanna á Höfn í Hornafirði að í byrjun nýrrar viku yrði traustari stoðum rennt undir fjölmörg mikilvæg verkefni og stofnanir ríkisins.

Þannig munu heilbrigðis- og menntastofnanir fá aukin framlög en einnig aðrar grunnstoðir eins og Landhelgisgæslan og mikilvæg verkefni á borð við lýðheilsuátak og byggðamál.

Á næsta ári verði framlög til Landspítalans þau mestu sem þau hafa verið frá 2008, ekki aðeins í krónutölu heldur að raunvirði. Flestar vörur muni lækka í verði og nauðsynleg lyf alveg sérstaklega. Heildaráhrif breytinganna þýði að neysluskattar lækki verulega og, það sem sé mikilvægast, áhrifin yrðu mest hjá þeim tekjulægstu.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, baðst undan viðtali í morgun og sagði tíðinda að vænta eftir fund fjárlaganefndar á morgun. Oddný Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingar í fjárlaganefnd, segir þetta hljóma vel en hún trúi því ekki fyrr en hún sjái það. Hún sagði að miðað við þetta hlyti læknadeilan að leysast fljótlega. - þká

Í RÆÐUSTÓL Oddný Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingar í fjárlaganefnd, segist passlega trúuð á að aukin fjárframlög til heilbrigðismála gangi eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

RÁÐSTEFNA › Hótel Natura › þriðjudagur 25. nóv 2014 › kl 13:30-15:40

Sveigjanleg starfslok
og atvinnumál 60 ára og eldri

DAGSKRÁ

13:30	**Setning:** Þórey S. Þórðardóttir *framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða*
13:40	**Ávarp:** Eygló Harðardóttir, *félags- og húsnæðismálaráðherra*
13:55	**Má ég – Get ég – Vil ég?** Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, *formaður Landssambands eldri borgara*
14:10	**Kiknar vinnandi fólk undan ellibyrðinni?** Miðað við áætlaða hlutfallslega breytingu úr 6:1 í 2:1 á 40 árum. Hannes G. Sigurðsson, *aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins*
14:25	**Er hægt að gera nýja kynslóðasátt?** Gylfi Arnbjörnsson, *forseti Alþýðusambands Íslands*
14:40	**„Ég vona bara að ég verði ekki settur einhvers staðar í að skrúfa númeraplötur á bíla“.** Rannsókn á því hvað hvetur miðaldra og eldra fólk í starfi og stuðlar að starfsánægju þess. Jóna Valborg Árnadóttir, *MS í mannauðsstjórnun.*
14:55	**Hvernig gerum við eldra fólk samkeppnishæfara á vinnumarkaði?** Jón H. Magnússon, *lögfræðingur*
15:10	Pallborðsumræður frummælenda
15:40	Ráðstefnuslit

Fundarstjóri: Pétur Magnússon, *formaður Öldrunarráðs Íslands*

ALLIR VELKOMNIR - AÐGANGUR ÓKEYPIS

Öldrunarráð Íslands · SA · Velferðarráðuneytið

Jólaundirbúningur í París

SÖLUBÁSAR SETTIR UPP Fólk á gangi fram hjá jólasölubásum sem verið er að setja upp á Champs-Elysées í París, höfuðborg Frakklands. Langt er liðið á nóvember og hefðbundinn jólaundirbúningur hafinn víða um heim. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðskjálfti sem á laugardagskvöld reið yfir í fjalllendi vestur af borginni Nagano í Japan er sagður hafa verið 6,7 að stærð:

Tjón vegna skjálftans er meira en talið var í fyrstu

JAPAN, AP Jarðskjálfti upp á 6,7 í fjalllendi miðsvæðis í Japan seint á laugardagskvöld olli meira tjóni en talið var í fyrstu. Skjálftinn varð á svæði þar sem vetrarólympíuleikar voru haldnir árið 1998

Þegar aðstæður voru kannaðar í birtingu í gær kom í ljós að 50 heimili hið minnsta höfðu eyðilagst í tveimur þorpum og 41 hafði slasast á svæðinu, þar af sjö alvarlega. Samkvæmt upplýsingum yfirvalda voru beinbrot algengustu meiðslin.

Skjálftinn, sem var 6,7 að stærð, reið yfir klukkan að ganga ellefu á laugardagskvöld vestur af Nagano-borg og voru upptökin á fimm kílómetra dýpi, að sögn Veðurstofu Japans, eftir að búið var að greina gögn og endurmeta bæði stærð og dýpt skjálftans. Bandaríska veðurstofan skráir skjálftann sem 6,2 að stærð. Vegna þess að skjálftinn varð inni í landi var engin hætta á flóðbylgjum vegna hans.

Rio Nishino, veitingahúsaeigandi í Hakuba, skíðabæ vestur af Nagano, sagði japönsku sjónvarpsstöðinni NHK, að hann hefði „aldrei upplifað jafn harðan jarðskjálfta“. Hliðrunarhreyfingar jarðar hafi verið „ógurlegar“. Nishino segist hafa verið staddur í vínkjallara veitingastaðarins þegar skjálftinn varð, en þar hafi ekkert brotnað.

Kjarnorkueftirlitsstofnun Japans segir enga truflun skráða vegna skjálftans í kjarnorkuverunum þremur sem er að finna á svæðinu sem skjálftinn náði til. Enn er slökkt á öllum kjarnorkuverum í Japan eftir jarðskjálfta upp á 9,0 og flóðbylgju sem kom í kjölfarið árið 2011. Þær jarðhræringar ollu bráðnun í þremur kjarnakljúfum í Fukushima Daiichi-orkuverinu.

Fukushima er um 250 kílómetra norðaustur af svæðinu þar sem jarðskjálftinn varð um helgina.

Svæðið sem verst varð úti virðist vera Habuka, þar sem vetrarólympíuleikarnir voru haldnir árið 1998. Þar eyðilögðust að minnsta kosti 47 heimili og sautján manns slösuðust, að sögn almannavarna í Japan. Sjö heimili til viðbótar eyðilögðust í Otari, nærliggjandi þorpi norður af svæðinu. Þá segja talmenn yfirvalda að iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði hafi einnig orðið fyrir skemmdum. - óká

LOFTMYND Svona er ástandið í skíðabænum Hakuba í Nagano-héraði í Japan eftir jarðskjálftann um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MÁLVERKIÐ UMDEILDA Ljósmynd sem tekin var í gær af vatnslitamyndinni „Altes Rathaus“ frá 1914 af „gamla ráðhúsinu“ í München. NORDICPHOTOS/AFP

Mynd eftir Hitler boðin upp:

Seld á rúmar 20 milljónir króna

ÝSKALAND Málverk sem talið er vera eftir Adolf Hitler var selt á 130 þúsund evrur eða rúmar 20 milljónir króna á uppboði í Þýskalandi um helgina.

Málverkið sem er frá árinu 1914 er af gamla ráðhúsinu í München en Hitler bjó einmitt í þeirri borg á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld. Seljandinn fékk málverkið í arf en það var upphaflega keypt árið 1916. Myndin er merkt A. Hitler.

Talið er að Adolf Hitler hafi málað um tvö þúsund myndir á árunum 1905 til 1920. Tólf buðu í málverkið á uppboðinu í gær en kaupandinn er frá Miðausturlöndum. - hks

Sögulegur dagur í Túnis:

25 voru í framboði til forseta

TÚNIS Forsetakosningar fóru fram í Túnis í gær, þær fyrstu í landinu síðan 2011 þegar byltingin sem kennd er við arabíska vorið hófst í landinu.

MONCEF MARZOUKI

Meira en 25 manns voru í framboði en fyrirfram var talið líklegast að Moncef Marzouki, núverandi forseti, og Beiji Caid Essebsi, fyrrverandi forsætisráðherra, myndu berjast um völdin.

Kosningarnar eru liður í þeim breytingum á stjórnarfarinu sem ráðist var í í Túnis í kjölfar arabíska vorsins. Þingkosningar voru í landinu í október.

Arabíska vorið byrjaði í Túnis og þykir vel hafa tekist til í ferlinu í kjölfar byltingarinnar, þar sem meðal annars hefur verið lítið um ofbeldi í landinu. - skh



Landsvirkjun

Haustfundur Landsvirkjunar
25. nóvember 2014
kl. 14–16 í Silfurbergi Hörpu

Fjölbreytt tækifæri fyrir íslenska orku

Framtíðarsýn Landsvirkjunar er að vera framsækið raforkufyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Við störfum í alþjóðlegu umhverfi og viljum vera meðal þeirra bestu sem vinna og selja orku. Á haustfundinum munum við fjalla um þær spennandi áskoranir og tækifæri sem Íslendingar standa frammi fyrir í orkuvinnslu og raforkusölu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra
Ávarp

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
Nýtt markaðsumhverfi – fjölbreytt eftirspurn

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar
Mikilvægi rammaáætlunar – áskoranir og tækifæri

Endurnýjanlegir orkugjafar og nýir virkjanakostir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs
Vatnsaflskostir

Margrét Arnardóttir, verkefnastjóri vindorku
Vindorkukostir

Gunnar Guðni Tómasson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs
Jarðvarmakostir

Umræður

Fundarstjóri: **Brynja Þorgeirsdóttir**, dagskrárgerðarmaður

Allir velkomnir
Skráning á www.landsvirkjun.is

SKOÐUN

Framundan eru hörð átök um sjávarauðlindina:

Höldum okkur við staðreyndir

Það liggja mörg handtök að baki, mikið hugvit, áræðni, þolinmæði og margt sem prýðir margt gott fólk, í þeirri vegferð Íslendinga að fá meira fyrir hvert kíló af fiski en allar aðrar þjóðir. Vegna þessa árangurs hefur tekist að gera svo margt. Hér á landi hafa verið unnin ótrúlegustu afrek í þróun í verkun, vinnslu og veiðum. Árangurinn talar sínu máli.

Með þá vissu að á hrunárinu, 2008, var eigið fé íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja neikvætt um áttatíu milljarða króna, en er nú jákvætt um 107 milljarða, er ástæða til að bera sig vel. Þessi árangur einnar atvinnugreinar hlýtur að vera einstakur, hið minnsta fátíður. Svo merkilegur er þessi mikli viðsnúningur. Og honum ber að fagna.

Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Íslenski sjávarklasinn, sem er eitt það merkilegasta í nýsköpun á Íslandi, hefur tekið saman skýrslu um stöðu sjávarútvegsins í lok árs 2013. Þar má lesa að á síðasta ári var hlutdeild sjávarklasans í vergri þjóðarframleiðslu 25 til 30 prósent, að 25.000 starfsmenn eru í sjávarklasanum, að á árinu 2013 veiddum við Íslendingar 1.363.000 tonn af fiski, að útflutningsverðmætið var 272 milljarðar, að uppsjávaraflinn dróst saman um 120 þúsund tonn, að veitt var 86 þúsund tonnum meira af bolfiski en árið á undan, að tólf prósent vöxtur var hjá tæknifyrirtækjum í sjávarklasanum, að frá árinu 2008 hefur nemendum í sjávarútvegstengdu námi fjölgað um 73 prósent, að frá því að makrílveiðar hófust hér, árið 2007, hefur útflutningsverðmæti makríls numið rétt um eitt hundrað milljörðum króna, að nú eru í smíðum að minnsta kosti tíu stór og afkastamikil veiðiskip fyrir íslenskar útgerðir, þjónustufyrirtækin mörg hver tvöfalda verkefni sín á milli ára, að arðgreiðslur stærstu fyrirtækjanna eru stundum tvöfalt meiri en það sem þau borga í veiðigjald.

Hér eru staðreyndir sem ber að huga að. Hafa verður samt hugfast að þetta jákvæða á ekki við um allar útgerðir. Því miður. Síðasta ríkisstjórn tók ákvörðun, þegar hún setti á sérstaka veiðigjaldið og hvernig það lagðist á fyrirtækin, að fækka smærri útgerðum, hún sá til þess að sumar þeirra smærri gáfust upp og þær stærri keyptu þær minni upp. Núverandi ríkisstjórn sagðist ætla að breyta þessu, en sama þróun er í gangi. Nýjasta dæmið er sennilega sala á Gullbergi á Seyðisfirði til Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Framundan eru mikil átök um framtíðarskipan sjávarútvegs á Íslandi. Ekki er hægt að skilja sjávarútvegsráðherrann á annan veg en þann að hann muni leggja til það sem hann kallar hóflegt veiðigjald, lesist lágt veiðigjald.

Sjávarútvegurinn er glæsileg atvinnugrein. Í stað þess að gera þjóðinni sem mesta og besta grein fyrir hvernig hefur tiltekist, er nú gripið til þess að segja þá sem óttast áform ríkisvaldsins ekki þekkja til, ekki skilja og ekki vita.

Það er kallað eftir opinni og upplýstri umræðu um framtíðarplanið. Umræðu byggðri á rökum, ekki ágiskun eða áróðri.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kalda stríðið upprisið
Það getur verið gaman, og forvitnilegt að fylgjast með skrifum ritstjóranna fyrrverandi, Styrmis Gunnarssonar af Morgunblaðinu og Svavars Gestssonar af Þjóðviljanum. Tilefnið er eðlilega njósnajátningar Styrmis. Þeir skiptast á skrifum og sækja í tilvitnanir hvor frá öðrum og meira að segja hefur verið vitnað í minningargrein. Styrmir skrifar nú: „Fyrir tveimur árum lýsti Svavar Gestsson áhrifum þessara frétta á þann veg að ég hefði verið „meiri gerandi í innri málum Alþýðubandalagsins“ en ég hafi sjálfur gert mér grein fyrir. Nú segir hann um þessa sömu frétta-öflun að hún sé „bull“. Hvernig á að skilja Svavar Gestsson?!“

Styrmir og Sigmundur Davíð
Ögn meira af Styrmi Gunnarssyni, en hann hreifst af ræðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sem hann flutti á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins. „Öflugur málflutningur forsætisráðherra er athyglisverður ekki sízt vegna þess að hann hefur legið undir ámæli stjórnarandstöðu fyrir að víkjast undan umræðum um meginmál ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Og vissulega var erfitt að skilja fyrir skömmu að mikilvægara hefði verið fyrir ráðherrann að sitja fund með ASÍ en sinna umræðum á sjálfu Alþingi um grundvallarmál. Mátti ekki fresta fundinum með ASÍ um nokkrar klukkustundir fram á kvöld?“ Það er ekki ónýtt fyrir forsætisráðherra að hafa þennan stuðning.

Egill og Sigmundur Davíð
Egill Helgason gleymir fáu, og ekki áramótaávarpi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, og rifjar upp hluta þess. En forsætisráðherrann sagði þá meðal annars: „Á nýja árinu og árunum sem á eftir fylgja þurfum við að auka kaupmátt Íslendinga jafnt og þétt. Það ætlum við að gera í sameiningu. Sérstaklega þarf að bæta áþreifanlega kjör þeirra lægstllaunuðu en þau eru miklu lakari en við getum talið ásættanlegt. En það þarf líka að rétta hlut millitekjuhópanna sem hafa tekið á sig miklar byrðar á undanförnum árum“. Í þættinum Sprengisandi í gær kallaði Egill eftir þjóðarsátt um vilja forsætisráðherrans.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 - Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

Félagsfundur

Fundur verður haldinn þriðjudaginn 25. nóvember 2014. kl 17:30 í Skútunni, Hólshrauni 3, Hafnarfirði

Dagskrá:
1. Kjaramál / kynning á Gallupkönnun Flóabandalagsins.
2. Áhrif vaktavinnu á líðan fólks og heilsufar. Frummælandi: Lára Sigurðardóttir læknir.
3. Kosning samningarnefndar.
4. Kynning á breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs
5. Önnur mál

Léttar veitingar

Stjórn Vlf. Hlífar

5 góð rök gegn náttúrupassa!

FERÐAMENN

Bjarnheiður Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Katla DMI ehf.

Pétur Óskarsson
framkvæmdastjóri sumarhúsamiðlunarinnar VIATOR ehf.

Nú er svo komið að nokkur sátt ríkir um það innan ferðaþjónustunnar á Íslandi að skapa þurfi sérstakan tekjustofn til þess að fjármagna viðhald og uppbyggingu á og við ferðamannastaði á landinu. Skiptar skoðanir eru á því hvernig best sé að haga gjaldheimtu. Nokkrar leiðir hafa verið nefndar til að búa til tekjustofna, þ. á m. innleiðing s.k. náttúrupassa, komu- eða brottfarargjald, hækkun virðisaukaskatts á einhverjar tegundir ferðaþjónustu, gistináttagjald og sérstakur skattur á gistingu sem hefði beina tengingu við sveitarfélög og myndi um leið tryggja þeim sneið af kökunni. Sú leið sem ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, hefur valið að setja í frekari útfærslu er hin svokallaða náttúrupassaleið og er frumvarp um upptöku hans í undirbúningi.

En hvað mælir gegn náttúrupassanum?
1 Ef náttúrupassi á að skila tilætluðum tekjum myndi hann útheimta mjög kostnaðarsamt kerfi með mikilli skriffinnsku, umfangsmiklu eftirlitskerfi og háum markaðs, sölu- og dreifingarkostnaði
2 Gjald fyrir náttúrupassa þyrfti að vera hlutfallslega hátt til þess að standa undir eigin kostnaði og rekstri. Það er því mikil hætta á að gagnvart erlendum ferðamönnum myndi það hafa áhrif á eftirspurn eftir Íslandsferðum og skerða samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum ferðamörkuðum.
3 Að innleiða náttúrupassann er mjög flókið í allri framkvæmd, hvar sem niður er borið – sem dæmi má nefna að bara það að selja hann (hver, hvar, hvenær, hvernig) er mjög erfitt að finna viðunandi lausn á.
4 Náttúrupassi myndi hafa slæm áhrif á ásýnd landsins og skerða náttúruupplifun ferðamanna – girðingar, tollahlið, gjaldheimtumenn, verðir, eftirlitsmenn og annað þess háttar myndu verða mikið lýti á landslaginu og upplifun þess, sem er helsta aðdráttaraflið í íslenskri ferðaþjónustu.
5 Náttúrupassinn er í andstöðu við vilja og sannfæringu stórs hluta þeirra sem reka og starfa við ferðaþjónustu í landinu, en án góðrar samvinnu við þá verður erfitt að hrinda verkinu í framkvæmd.

Allar hinar hugmyndirnar eru einfaldari, skilvirkari og hafa miklu minni kostnað í för með sér. Allar tryggja þær öruggari tekjur. Því er það með öllu óskiljanlegt að ráðherra ferðamála ætli að halda áfram með þessa vondu hugmynd. Náttúrupassanum verður þar að auki þrengt upp á atvinnugreinina, sem vill ekkert með hann hafa. Enn er ekki orðið of seint að skipta um skoðun og hvetjum við ráðherra ferðamála til að hugsa sinn gang mjög vandlega áður en hún leggur fram frumvarp til upptöku náttúrupassa.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Útkjálkun

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Ég held að rétt hafi verið hjá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að segja af sér en þar með er ekki sagt að ég sé hýena. Það er sú kveðja sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins kýs að senda fólki sem hafði eitthvað að athuga við stjórnsýslu Hönnu Birnu. Málið snýst ekki um þá, ekki um Tony Omos, ekki um blaðamenn DV, saksóknara, umboðsmann eða áhorfendur málsins. Það snýst um ráðherrann: henni varð á og því þarf hún að hætta, þótt hún vilji sjálf láta líta svo út sem hún hafi verið hrakin burt að ósekju. Af hýenum.

Við vitum að þetta hlýtur að vera henni áfall og vonum örugglega flest að henni auðnist að finna sínum ótvíræðu hæfileikum frjóan og heilbrigðan farveg – en þetta, að vera ráðherra, er nú samt bara starf; það er ekki eins og hún hafi misst eitthvað sem skiptir raunverulega máli í lífinu og enn situr hún meira að segja á þingi; ráðherrastarf er vissulega vegtylla en við þurfum að fara að venja okkur við að líta á það sem tímabundna almannaþjónustu fremur en einhvers konar allsherjarhátign.

„Guð vill að ég sé honum sólskinsbarn …“

Gangi henni vel. Ég verð að játa á mig það kaldlyndi að ég hef meiri áhyggjur af læknaverkfallinu en því að Hanna Birna hafi farið illa að ráði sínu og súpi seyðið af því. Þar með er ekki sagt að ég hati hana eða aðra – eða láti stjórnast af „hatrinu í samfélaginu“ svo að vísað sé til orðbragðs forsætisráðherrans í tengslum við þetta mál um leið og hann vísaði til greina Tímans árið 1938 sem hann telur hafa verið sérstakt sólskinsblað í málflutningi. Því miður er okkur flestum um megn að hljóma eins og Tíminn gerði árið 1938. Satt að segja getur það enginn – nema kannski hann sjálfur þegar svo ber undir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson á enga heimtingu á því að fólk fallist umyrðalaust á orð hans. Maður þarf að vera sannfærandi sjálfur til að sannfæra aðra – maður getur ekki krafist þess að aðrir láti sannfærast. Það jafngildir ekki óeðli að draga rök hans í efa. Nú er ekki lengur árið 1938 og Tíminn er hættur að koma út. Eftir Hrun og á tímum hins villta internets hefur furðu margt fólk þá hugmynd að því sé heimilt að hugsa frjálst. Frjálsri hugsun fylgir alls konar vesen, frjáls skoðanaskipti geta verið alveg hundleiðinleg. En þetta er nú það sem ráðherrarnir fá kaup fyrir meðal annars: að vera sannfærandi.

Þeir Bjarni Ben. og hann voru kannski fremur kosnir til að vera duglegir skaffarar en réttlátir stjórnvitringar – og milljarðahundruð að sögn á leiðinni frá Vogunarsjóðunum – en þeir verða samt að búa við það að almenningur hefur ekki þar með afsalað sér réttinum til frjálsra skoðanaskipta. Ekk enn.

Aftur á móti var annað stríð …

Ef einhver skyldi hafa gleymt því sem nú er stóra málið: Það er læknaverkfall í landinu vegna þess hvernig búið er að læknum þessa lands, hvað varðar kjör, starfsálag, umhverfi, viðmót ráðamanna og framtíðarhorfur. Læknaverkfall: þetta er í raun og veru bæði óhugsandi og óþolandi, og hvað þá að það dragist svona á langinn. Ef ekki semst við lækna nú missum við úr landi þetta unga fólk og verðum útkjálki þar sem læknar koma af og til, samvisku sinnar og þegnskapar vegna, og þjóna „héraðinu“.

Þetta er eins og nokkurs konar „útkjálkun“ á Íslandi: hér verður réttlítið verkafólk á lélegu kaupi og yfirstétt sem sogar til sín fjármagn og verðmæti, fær sína heilbrigðisþjónustu í dýrum sérspítala meðan almenningur fær vonda læknisþjónustu hjá læknum sem sætta sig við léleg kjör.

Aðgerðarleysi ráðherranna í þessu verkfalli er hneykslanlegt og beinlínis skelfilegt. Þeir yppa bara öxlum ráðherrarnir. Þetta er nánast eins og markvisst niðurbrot á opinberri þjónustu. Landspítalinn er látinn grotna niður: alls staðar er undirmannað, á öllum deildum ómennskt álag, unglæknum þrælað út á smánarkaupi: þakið lekur, það eru pöddur, það er ekki almennilega þrifið vegna þess að skúringafólki var sagt upp en verkið fengið þess háttar þrælahaldara sem fyrr á öldum fengu til sín niðursetninga vegna þess að þeir gátu boðið lægst – treystu sér til að hafa á framfæri sínu fólkið fyrir minnstan tilkostnað.

Þeir yppa bara öxlum ráðherrarnir og spyrja: eiga læknar að fá meira en aðrir? Sjálfir telja þeir að einungis útgerðarmenn eigi að fá meira en aðrir. En svarið við spurningunni um læknana er: Að sjálfsögðu! Þetta er fólk sem hefur lagt á sig langt og erfitt nám til þess að lækna okkur, líkna okkur, hjálpa okkur á erfiðustu stundum lífsins.

Er það planið að brjóta niður opinbera heilbrigðisþjónustu? Ég veit það ekki. En á meðan það lítur þannig út er beinlínis skylda okkar allra að gagnrýna störf ríkisstjórnarinnar.

> Ef ekki semst við lækna nú missum við úr landi þetta unga fólk og verðum útkjálki þar sem læknar koma af og til, samvisku sinnar og þegnskapar vegna, og þjóna „héraðinu“.

Níræður Íslendingur

SAMFÉLAG

Sigurjón Arnórsson
starfar í fjárfestingabanka

→ Fólk á okkar aldri er við mismunandi góða heilsu. Það vantar skilning á ástandi þessa fólks.

Jón er níræður að aldri. Hann er hávaxinn og beinn í baki, en þó orðinn hrumur af löngu líkamlegu striti. Hann er með blá augu, þétt augnahár og aðlaðandi bros. Á höfði hans er skalli þar sem einu sinn var þykkt ljóst hár. Jón hefur mörg áhugamál, en flugið er í miklu uppáhaldi hjá honum. Þótt líkaminn sé slitinn er Jón sterkur og lífsglaður í anda.

Þrátt fyrir að Jón sé sestur í helgan stein, þá eru mörg viðfangsefnin sem hann þarf að takast á við. Hann getur lítið leyft sér vegna lágs lífeyris, heilsutengd vandamál fara vaxandi og hann þarf að halda sér félagslega virkum, sem er ýmsum vandkvæðum bundið þegar fólk er horfið af vinnumarkaði og heilsan gerir mönnum erfiðara um vik að sinna eigin áhugamálum. Að ekki sé minnst á það að Jón getur ekki lengur ekið eigin bifreið.

Þótt Jón sé heilbrigðari en margir á hans aldri hefur hann ekki þá orku sem hann hafði í æsku. Hann er of gamall til að mega vinna, hann þarf að treysta á fjölskyldu sína og hefur mikið fyrir því að halda í þá hluti sem yngra fólk telur sjálfsagt.

Jón situr í gamla leðurstólnum sínum og les rólega yfir skýrslu um málefni eldri borgara. Þar les hann að Íslendingum 67 ára og eldri muni fjölga úr 36 þúsund í 54 þúsund frá árinu 2013 til ársins 2025. Með þessum útreikningi sem er frá Hagstofu Íslands, þyrfti að öllu óbreyttu að byggja um 4.000 hjúkrunarrými á næstu 25 árum. Á undanförnum fimm árum hefur hjúkrunarrýmum fækkað um 150.

Eftir smá stund leggur Jón skýrsluna frá sér. Hann íhugar málið um stund og segir síðan: „Fólk á okkar aldri er við mismunandi góða heilsu. Það vantar skilning á ástandi þessa fólks. Það eru ekki allir eins heppnir og við að hafa sæmilega heilsu og börn sem hjálpa okkur.“

Þegar Jón er spurður hvað honum finnist um stöðu eldri borgara í Reykjavík brosir hann sínu blíðasta brosi og segir: „Það er mikilvægt að leyfa eldri borgurum að lifa góðu lífi og yngra fólkið má ekki gleyma því að allir verða einhvern tímann gamlir.“

Hagvöxtur og lífskjör

Hagspá Landsbankans kynnt á morgunfundi í Hörpu

Miðvikudagur 26. nóvember kl. 8.30–10.00 í Silfurbergi Hörpu.
Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, tölur fyrir árið 2013

Dr. Daníel Svavarsson
forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnir greiningu á þróun og horfum í efnahagsmálum.

Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur ræðir stöðu og horfur í heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Björgvin Skúli Sigurðsson
markaðs- og viðskiptaþróunarsviði Landsvirkjunar, fjallar um orkuiðnaðinn og möguleika Íslands til framtíðar.

Fundarstjóri er Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.
#hagspa
Skráning á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Sól
sumar
&skíði

Flugsæti
Aðra leið m/sköttum
á primeraair.com

Alicante
Frá kr. 14.990

Barcelona
Frá kr. 14.900

Bodrum
Frá kr. 29.990

Bologna
Frá kr. 19.990

Krít
Frá kr. 29.990

Las Palmas
Frá kr. 24.900

Malaga
Frá kr. 19.900

Mallorca
Frá kr. 24.990

Salzburg
Frá kr. 14.990

Tenerife
Frá kr. 19.990

Primera Air

Hver er óvinurinn?

UTANRÍKISMÁL

Sigurður Flosason
bílstjóri

Er Gunnar Bragi utanríkisráðherra búinn að finna hann? Ekkert gengur að gera Pútín að óvini okkar Íslendinga, þó að Gunnar Bragi sé a.m.k. tvisvar búinn að heimsækja fasistastjórnina í Kænugarði til að styrkja hana með þeim árangri að búið er að drepa einhverjar þúsundir manna þar um slóðir. Ennfremur lætur Gunnar Bragi okkur Íslendinga styðja allar refsiaðgerðir NATO gegn Pútín. En Pútín fæst ekki með nokkru móti til að vera óvinur okkar og þess vegna beitir hann refsiaðgerðum gegn öllum NTO-þjóðum nema okkur. Af þeim sökum er Gunnar Bragi í vandræðum. Það er ekki auðvelt verk að verða sér úti um óvin fyrir okkur Íslendinga.

Miðað við fjárframlög til hermála á fjárlögum áranna 2014 og 2015 hlýtur hann þó að vera fundinn. Varla samþykkir Alþingi að verja til þessa málaflokks af skattfé almennings í landinu rúmum hálfum milljarði króna á ári til NATO, auk kostnaðar af heræfingum og loftrýmisgæslu með loforði um meira, nema Íslendingar eigi einhvern óvin.

Á kaldastríðsárunum vissu allir að Rússagrýlan var óvinur Íslendinga, en hún reyndist frekar meinlaus og gaf upp öndina fyrir rúmum 20 árum.

Flókið mál

En það hljóta allir að sjá að það er ekki hægt til lengdar fyrir okkur Íslendinga að vera í hernaðarbandalagi eins og NATO og eiga engan óvin. Það verður nokkuð flókið mál ef NATO á að verja okkur fyrir vinum okkar.

Fyrir 100 árum voru Grýla og Leppalúði helstu óvinir íslenskra barna en bæði eru þau löngu dauð og koma ekki til greina sem óvinir nema Gunnar Bragi sé genginn í barndóm.

Ósama Bin Laden er dauður og getur þess vegna varla verið hættulegur óvinur. Og ekki getum við lagt í milljarða kostnað gegn óvini sem er dauður.

Eitthvað er lifandi ennþá af talibönum í Afganistan þó að við höfum reynt að stuðla að fækkun þeirra. Þeim fjölgar þó alltaf, hvernig sem á því stendur, en samt eru þeir ekki trúverðugir óvinir til að splæsa milljörðum af almannafé til að verjast, enda búa þeir upp í fjöllum í fjarlægu landi.

Hund-Tyrkjann flæmdu forfeður okkar burtu með göldrum og sálmasöng, svo ekki er það hann.

Jón Þumall lét brenna Kirkjubólsfeðga í Skutulsfirði vegna veikinda sem hann kenndi þeim um, en var jafnveikur eftir sem áður svo að ekki voru þeir réttir óvinir. Það er sem sé vandi að velja sér óvin.

En er það ósanngjörn krafa þeirra óbreyttu skattborgara á Íslandi sem greiða sinn hlut í hermálakostnaði fjárlaganna að þeir fái að vita hver sé óvinur okkar Íslendinga?

Milliríkjasamvinna og sjálfsmörk

ALÞJÓÐAMÁL

Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra

→ En er ekki staðan nú, að kínverskir leiðtogar boða nýtt fyrirkomulag heimsmála stórveldasambúðar (e. major-country relationship) þar sem þeir ráða væntanlega einir og afskiptalaust öllu sem þá skiptir máli.

Mikið var um að vera nýlega vegna funda þjóðaleiðtoga um efnahagssamvinnu í Asíu. Fyrst var það vegna Kyrrahafsefnahagssamvinnunnar (APEC) í Kína, því næst sams konar toppfunda Suðaustur-Asíubandalagsins (ASEAN) og Austur-Asíubandalagsins (EAS) í Burma og síðast en ekki síst leiðtogafundar helstu iðnríkja heims (G-20) í Ástralíu. Að sjálfsögðu hafa slíkir fundir pólitíska þýðingu um staðfestu ákvarðana um frjáls viðskipti og reyndar ekki síður vegna samráðs utan dagskrár. Þess var vissulega þörf á þessum síðustu og verstu tímum átaka, sundrungar og óvissu.

Á G-20-fundinum í Brisbane þótti það því mjög til tíðinda að Angela Merkel og Vladimír Pútín áttu tveggja manna tal í einar fjórar klukkustundir. Engir aðstoðarmenn, fundarritarar eða túlkar voru þar viðstaddir enda kann Þýskalandskanslari rússnesku og Rússlandsforseti þýsku. Ekkert var tilkynnt um árangur eða vöntun slíks í Úkraínudeilunni eða öðrum samskiptaárekstrum við Rússa og þá fyrst og fremst vegna ógnar af aukinni hervæðingu með kjarnavopnum. Um þau mál kallar heimsbyggðin á viðræður þeirra sem málum ráða. Þannig opin samskipti voru í vaxandi mæli á milli NATO og Sovétríkjanna á dögum kalda stríðsins og beint símsamband mátti virkja milli leiðtoga í Washington og Moskvu, m.a. til að koma í veg fyrir kjarnorkustríð af slysni.

Vegna fundar APEC í Beijing áttu Xi Jinping og Barack Obama viðræður sem vonandi léttir pólitísku spennu vegna yfirgangs Kínverja við strandríkin Filippseyjar, Víetnam og Japan. Þetta snertir olíulindir í Suður-Kínahafi en risaolíufyrirtæki þeirra, CNOOC, hefur þar verið að verki boðflennu. Sagnfræðingar segja þetta venjulega árekstra nýs valdaríkis við heimsveldi sem fyrir voru, einkum á 20. öld. En er ekki staðan nú, að kínverskir leiðtogar boða nýtt fyrirkomulag heimsmála stórveldasambúðar (e. major-country relationship) þar sem þeir ráða væntanlega einir og afskiptalaust öllu sem þá skiptir máli. Og þá væntanlega að þeir hafi frjálsar hendur til umsvifa vegna nýtingar hráefna og orku víða um heim. Til landtöku þeirra í Afríku hafa flust milljón Kínverjar á einum áratug og þeir virðast ætla sér svipað hlutverk á Grænlandi og hafsvæði þess og okkar, með Ísland að bækistöð. Var það ekki misráðið mjög að gera fyrstir Evrópuþjóða fríverslunarsamning við Kína, að hleypa CNOOC sem ráðandi hluthafa í olíuleit á okkar eigin Drekasvæði og láta sem ekkert sé yfir duldum áformum um risahöfn í Finnafirði? Með forsetann í fararbroddi var farið offari í opinberum heimsóknum júbelerandi nýfenginni vináttu við 1,3 milljarða ágætisfólks þar eystra, eins og helst ætti við um fíl og mýflugu. Í Kínasamskiptunum er búið að gera hættulega mörg sjálfsmörk og því verður að hefja nýja sókn að réttu marki.

Góð tíðindi frá Brisbane voru af leiðtogafundi Bandaríkjanna og ESB um um hinn víðtæka fyrirhugaða samning þeirra aðila um viðskipti og fjárfestingar – Transatlantic Trade and Investment Pact. Herða skal á að ljúka samningum á næsta ári. Aðild Íslands að þessum svokallaða TTIP-samningi er stórhagsmunamál. Í þessum löndum er nær allur markaður okkar á vörum og þjónustu. Tollfrelsi í viðskiptum við Bandaríkin er þýðingarmikið en nú er það meginatriðið að reglugerðir og staðlar séu svo samræmd að hamli ekki viðskiptum. Greitt verður fyrir fjármála- og bankaþjónustu og fyrirhuguð er vernd fyrir fjárfesta. Markvert við þennan samning eru þau nýmæli að honum er sérstaklega ætlað að mæta hagsmunum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Og þá er komið að einu lykilatriði íslenskrar hagsmunagæslu. Sem umsækjandi um aðild að ESB, gætum við strax farið að undirbúa þátttöku í TTIP. Af þeirri og fleiri ástæðum er slit aðildarviðræðnanna við ESB alvarlegasta sjálfsmarkið. Þeim málum verður ekki sinnt frá hliðarlínunni EFTA.

Annað lykilatriði er að efla varnar- og öryggissamvinnuna við Bandaríkin og Norðurlöndin sem sinna hér loftrýmisgæslu Frá Noregi berast þau tíðindi að vegna aukinnar ógnar af hryðjuverkum hafi dómsmálaráðherrann ákveðið, að lögreglan skuli bera skotvopn daglega. Hvert er annars hættumatið á Íslandi, ef eitthvað er?

Ekkert til spillis

Málþing í Norræna húsinu 25. nóvember 2014

Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands, Vakandi og Norræna húsið bjóða til málþings um matarsóun í tengslum við Nýtniviku Reykjavíkurborgar

9:00	Ávarp frá skipuleggjendum
9:10	**Yasmine Larsen**, Unilever Food Solutions í Danmörku
9:50	**Jesper Ingemann**, Fødevarebanken í Kaupmannahöfn
10:30	Kaffihlé
10:50	**Jónína Stefánsdóttir**, Matvælastofnun
11:20	**Per Hallvard Eliassen**, Norska landbúnaðar- og matvælaráðuneytið
12:00	Hádegishlé-Diskósúpa*
13:00	**Knútur Rafn Ármann**, Friðheimar
13:30	**Helga Sigurðardóttir** og **Herborg Svana Hjelm**, Reykjavíkurborg
14:00	Pallborðsumræður. Fyrirlesarar og gestir
	Gestir í pallborði:
	Heiða Björg Hilmisdóttir, yfirmaður mötuneytis Landspítalans
	Dominique Plédel, Neytendasamtökunum
	Erna Dröfn Haraldsdóttir, markaðsstjóri Samkaupa
	Ingveldur Sæmundsdóttir, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra
15:30	Slit og þakkarorð
	Fundarstjóri: **Bergþóra Njála Guðmundsdóttir**

Markmið málstofunnar er að ræða lausnir í baráttunni gegn matarsóun. Norrænir gestir segja frá hvernig tekið hefur verið á matarsóun á Norðurlöndunum og rætt verður um leiðir sem færar eru hér heima

Aðgangur á málstofuna er ókeypis og öllum opinn

Málstofan fer fram á ensku

Vinsamlegast skráið ykkur á www.matarsoun.is

LANDVERND norden KÍ Kvenfélagasamband Íslands Vakandi NORRÆNA HÚSIÐ

*Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari frá Slow Food, eldar úr öllu og býður upp á Diskósúpu og notar í það roskið grænmeti sem var á leið í gáminn

Heilbrigðiskerfið var aðlagað að nýjum spítala

HEILBRIGÐISMÁL

Auðbjörg Reynisdóttir
hjúkrunarfræðingur

Á sama tíma og landsmenn fengu að sjá fallegar teikningar af nýjum spítala var farið í að undirbúa heilbrigðiskerfið fyrir nýja byggingu. Nýjar nefndir voru skipaðar til að aðlaga heilbrigðisþjónustuna að starfsemi nýs Landspítala, þær skrifuðu skýrslur um að þjónustan úti á landi væri svona og hinsegin – ógnaði öryggi og að þessi þjónusta gæti líka verið veitt á Landspítalanum, „skýrslum“ reiknaðist til að þjónustan á Landspítalanum yrði ódýrari vegna samlegðaráhrifa, samþjöppunar þekkingar, betri nýtingaraðstöðu og nálægðar við Háskólann. Álitsgjafar í hvítum sloppum birtust í fjölmiðlum við öll tækifæri og komu þessum boðskap á framfæri.

Markvisst og hljóðlega „aðlöguðu“ ráðamenn heilbrigðiskerfið, sannfærðir um að lengi taki Landspítalinn við: heilbrigðislöggjöf var breytt, smærri stofnanir sameinaðar þeim stærri og þjónusta bætt með því að leggja hana af. Þannig hvarf svo lítið bæri á ódýrasta heilbrigðisþjónustan, úti á landi var skurðstofum lokað, landlæknir fækkaði fæðingarstöðum og farandsérfræðingar hættu ferðum sínum.

Á landsbyggðinni mótmæltu íbúar skertu öryggi og ráðherrar tóku við undirskriftum án þess að taka þær til greina – því umræðan þarf að vera á faglegum nótum en ekki á villigötum.

Þingmenn tóku síðasta skrefið í aðlögun heilbrigðiskerfisins, þegar þeir samþykktu fjárlög fyrir þetta ár. Þegar fjárlög voru lögð fram varð hávær umfjöllun um 1.200 kr. legudagagjöld á LSH. Í annarri umræðu var fundin lausn með því að strika legudeildir úti á landi út af fjárlögum, LSH fengi upphæðina sem vantaði.

→ Á landinu öllu eru nú tvö sjúkrahús: Annað í Reykjavík og hitt á Akureyri.

Í fjárlögunum sem voru samþykkt fyrir þetta ár var ákveðið að „forgangsraða fjármunum í rekstur Landspítalans“, það var gert með því að strika líka heilsugæsluna úti á landi af fjárlögum.

Sjúklingar á teikniborðinu?

Með þessari „forgangsröðun fjármuna“ var heilbrigðisþjónustan einfölduð til muna. Á landinu öllu eru nú tvö sjúkrahús: Annað í Reykjavík og hitt á Akureyri. Í hverjum landsfjórðungi eru samtals fimm heilbrigðisstofnanir. Í sumar voru landsbyggðarsjúkrahúsin ásamt heilsugæslunni (sem voru strikuð út af fjárlögum og þar með ekki til) sameinuð með reglugerð og um mánaðamótin hófu nýráðnir forstjórar störf.

Sjúkrahúsið, sem samkvæmt skýrslum á að taka við þjónustunni sem búið er að leggja af, er aðeins til á teikniborðinu. Á Landspítalanum eru allar deildir yfirfullar af sjúklingum, sem stjórnendur spítalans líta á sem fráflæðisvanda. Sjúkrahúsin um land allt standa tóm og sjúkraflutningar eru meiri en nokkru sinni fyrr.

Yuasa rafgeymar

YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur

YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

TÆKIFÆRI AÐ EIGNAST JEPPA
SELJUM NOTAÐA DACIA DUSTER 4x4 DÍSIL

ÁRGERÐ 2013
Eldsneytisnotkun frá 5,3 l/100km*
Bílarnir eru allir ríkulega búnir staðalbúnaði beinskiptir með extra lágum gír, yfirfarnir af umboði og í verksmiðjuábyrgð.

Verð frá 2.780 þús.
Tökum notaða bíla uppí.

Skoðaðu úrvalið á www.bilaland.is

bílaland
Bílaland notaðir bílar - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - www.bilaland.is
bilaland@bilaland.is

MERKISATBURÐIR

1848 Sérstök stjórnardeild um málefni Íslands er stofnuð í fyrsta sinn innan Kansellísins í Danmörku.

1951 Pátturinn Óskalög sjúklinga hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu í umsjá Björns R. Einarssonar tónlistarmanns.

1963 Meintur morðingi Kennedys, Lee Harvey Oswald, er skotinn af Jack Ruby í Dallas, Texas.

1965 Rjúpnaveiðimaður finnst eftir 70 klukkustunda útivist og langa leit í vonskuveðri.

1972 Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfoss er formlega tekinn í notkun eftir endurgerð sem tók sex ár.

1993 Tveir ellefu ára drengir eru dæmdir fyrir morð á hinum tveggja ára gamla James Bulger í Liverpool í Bretlandi.

2000 Íslenska kvikmyndin Óskabörn þjóðarinnar er frumsýnd í leikstjórn Jóhanns Sigmarssonar.

SERIOUS-SINGERS Fólk á öllum aldri er hluti af dægurlagahópnum Serious Singers.

Stofnaði dægurlagahóp heima

Guðný Arnþórsdóttir tók sig til og stofnaði dægurlagahópinn Serious-singers í haust. Hópurinn hittist fyrst heima hjá henni en núna fara æfingarnar fram að Árskógum 4 á sunnudagskvöldum klukkan 20 undir stjórn Kára Friðrikssonar.

Fólk á öllum aldri er hluti af Serious-singers og Guðný segir fleira fólk velkomið. „Það þarf ekki að lesa nótur heldur bara mæta með röddina sína og smá jákvæðni," segir hún.

Fyrstu tónleikar hópsins voru á Lionskvöldi í Víkingsheimilinu við góðar undirtektir.

Framundan eru jólatónleikar og eru æfingar fyrir þá í fullum gangi. - fb

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

PETTA GERÐIST 24. NÓVEMBER 1991

Rokkgoðið úr Drottningunni andast

Á þessum degi árið 1991 lést Freddie Mercury, söngvari rokkhljómsveitarinnar goðsagnakenndu, Queen. Mercury var aðeins 45 ára gamall og lést á heimili sínu en daginn áður hafði hann tilkynnt að hann þjáðist af alnæmi.

Talið er að hann hafi vitað af sjúkdómnum í tvö ár en hann hélt áfram að semja tónlist eins og ekkert hefði í skorist og urðu fáir varir við veikindin.

Mercury var skírður Farookh Bulsara og var fæddur í Zanzibar árið 1946. Hann ólst upp á Indlandi þar til fjölskylda hans fluttist til Englands árið 1964. Mercury hóf listnám skömmu síðar.

Sex árum seinni stofnaði Mercury hljómsveitina Queen ásamt þeim Roger Taylor, Brian May og John Deacon. Hljómsveitin varð fljótt geysilega vinsæl. Ekki síst vegna þess hversu öflugur skemmtikraftir Mercury reyndist vera. Hann var ekki aðeins frábær söngvari heldur var sviðsframkoma hans með þeim hætti að seint gleymist.

Minningartónleikar um Mercury voru haldnir fimm mánuðum eftir andlát hans á Wembley-leikvanginum í London. 72 þúsund manns komu þá saman og sáu margar af þekktustu hljómsveitum heims flytja öll þekktustu lög Queen.

Um tuttugu milljónir punda söfnust á tónleikunum og fór féð allt í rannsóknir á alnæmi.

ÁHUGAMAÐUR UM EYÐIBÝLI Gísli Sverrir Árnason og félagar hans hafa lokið við skráningu á eyðibýlum á Íslandi.

Viðkvæm verðmæti finnast á eyðibýlum

Skrásetningu 748 eyðibýla á Íslandi er lokið. Afraksturinn kemur út í sjö binda ritröð. Síðustu bindin nýútkomin. Mikil menningarleg verðmæti segir útgefandi.

„Nú sjáum við loks fyrir endann á þessu verkefni sem hófst árið 2011," segir Gísli Sverrir Árnason, formaður áhugamannafélags um eyðibýli, en hann hefur ásamt 8-10 manna hópi rannsakað og skráð eyðibýli á Ísland víðs vegar um landið. Verkefnið er hugmynd Gísla og félaga hans. Þeir hafa allir ólíkan bakgrunn sem nýtist þó hver á sinn hátt við verkefnið. Einn er arkitekt, annar jarðfræðingur, enn annar sagnfræðingar og svo framvegis. Þeir félagar fengu svo styrk frá nýsköpunarsjóði sem gerði þeim kleift að fá háskólanema til liðs við sig og síðan þá hefur mikið afrek verið unnið við skrásetningu ýmissa eyðibýla á landinu.

Afraksturinn er svo ritröð um efnið og með útgáfu 6. og 7. bindis er lokið hringferð um landið

Gísli segir að viðtökurnar hafi verið ótrúlega góðar. Bækurnar hafi selst mjög vel. Fólk hafi bæði áhuga á að kaupa þær bækur sem fjalla um þess landshluta en einnig eru aðrir sem safna ritröðinni allri. Þannig er eitt bindi helgað Vestfjörðum, annað Austurlandi og svo framvegis.

Gísli segir að húsin sem fjallað er um í bókunum séu eins misjöfn og þau eru mörg. Sumra þeirra bíður ekkert annað eyðilegging en mörg eru enn í þannig ástandi að vel er hægt að gera þau upp og halda þeim við. Gísli segir því mikil vermæti liggja í eyðibýlum, bæði menningarleg og efnisleg verðmæti.

„Hvert hús á sína sögu. Og oft eru miklar tilfinningar sem tengjast þessum sögum. Við reyndum að sýna því virðingu við vinnu okkar og vonum að það hafi tekist," segir Gísli en hann og aðrir sem að verkefninu komu nutu oft liðsinnis og aðstoðar eigenda og afkomenda þeirra sem síðast bjuggu á þeim eyðibýlum sem um er fjallað.

Aðspurður um uppáhaldshúsið sitt í bókunum nefnir Gísli húsið í Þórisdal í Lóni. Þar sé umhverfið afar fallegt og húsið sjálft sómi sér vel þar.

andri@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Þegar andlát ber að höndum

önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Við þjónum allan sólarhringinn

Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

Bókin Uppruni tegundanna

Þróunarkenning Darwins var fyrst sett fram í bókinni Uppruni tegundanna sem kom út þennan mánaðardag árið 1859.

CHARLES DARWIN

Samkvæmt kenningu Darwins koma allar lífverur af sama stofni en hafa þróast í mismunandi tegundir og lífverur vegna náttúruvals. Darwin benti á að maðurinn væri náskyldur dýrum og þess vegna væri hægt að skýra hátterni hans á sama veg og hægt er að útskýra hátterni dýra.

Charles Darwin fæddist í Shrewsbury á Englandi árið 1809 og var af efnuðu fólki kominn. Fjölskyldan naut mikillar virðingar innan vísindasamfélagsins, faðir hans, Robert Darwin, var mikilsvirtur læknir og afi hans, Erasmus Darwin, þótti byltingarkenndur vísindamaður sem hafði rannsakað þróunarkenningar.

Darwin stundaði læknisfræði við Cambridge en gafst upp og einbeitti sér að náttúrufræði. Hann fékk ólaunaða stöðu um borð í skipi, sigldi um í fimm ár og á þeim tíma rannsakaði hann lífríki á framandi slóðum og gerði ýmsar uppgötvanir.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



LÍFRÆNN DRÓNI Rannsóknarmenn hjá Ecovative Design hafa þróað prótótýpu af dróna sem búinn er til úr lífrænu efni. Tilgangurinn er sá að ef dróninn hrapar og týnist þá eyðist hann fljótt í náttúrunni.

SÝNIÐ VARÚÐ „Við ítrekum fyrir fólki að skilja logandi kerti ekki eftir þar sem enginn hefur gaman af því," segir Sverri Björn Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. MYND/VILHELM

HÆTTULEGASTI TÍMI ÁRSINS

LSS KYNNIR *Árlegt eldvarnarátak slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er hafið. Markvisst forvarnarstarf fer nú fram í öllum grunnskólum landsins.*

Árlegt átak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hófst í síðustu viku en þá heimsækja slökkviliðsmenn rúmlega 4.400 grunnskólanemendur í 3. bekk um allt land. Að sögn Sverris Björns Björnssonar, formanns Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, er markmið heimsóknanna fyrst og fremst að kynna eldvarnir á heimilum, reykskynjara, eldvarnateppi, slökkvitæki og flóttaleiðir fyrir fjölskyldumeðlimi. „Hluti átaksins gengur líka út á að sýna krökkunum slökkviliðsmann í búningi og með reykköfunarbúnað til að þeir hræðist hann ekki ef til eldsvoða kæmi. Allir nemendur fá auk þess bókina Brennu-Vargur og spreyta sig á eldvarnagetraun úr henni auk þess sem þeir taka með heim fræðsluefni fyrir foreldra."

Landssambandið hefur staðið fyrir átakinu síðan árið 1992. Sverrir segir að þótt eldvörnum margra heimila sé ábótavant sýni nýleg rannsókn Capacent Gallup að eldvarnir heimila séu almennt að eflast hægt og rólega. „Nefna má að slökkvitæki og eldvarnateppi eru nú til á fleiri heimilum en áður auk þess sem þeim heimilum sem hafa tvo reykskynjara eða fleiri hefur fjölgað. Í sömu rannsókn kemur einnig fram að þeim heimilum fækkar sem ekki eiga eitt af þrennu; reykskynjara, slökkvitæki eða eldvarnateppi." Þeir hópar sem þurfa helst að huga að betri eldvörnum að sögn Sverris eru þeir sem búa í leiguhúsnæði og yngsti aldurshópurinn.

Aðventan nálgast óðfluga og þá fjölgar smábrunum á heimilum landsmanna. „Það fylgir aðventunni að skreyta heimilið með kertum, kertaskreytingum og jólaljósum og fyrir vikið eykst tíðni smábruna. Þar ber helst að minna á kertin sem stundum eru skilin eftir logandi án eftirlits. Við ítrekum fyrir fólki að skilja logandi kerti ekki eftir þar sem enginn hefur gaman af því, til dæmis í tómu herbergi. Þó sjáum við að undanfarin ár hefur smábrunum fækkað sem er ánægjuleg þróun og sýnir að fólk er almennt meira meðvitað um eldvarnir inni á heimilum."

Átakið er samstarfsverkefni Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, slökkviliða og grunnskóla landsins. Stærstu styrktaraðilar þess eru TM, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Neyðarlínan, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnun.

TEIKNAR „Það skemmtilegasta sem ég geri er að teikna,“ segir Gerður Steinars, iðnhönnuður og myndskreytir, en hún hefur hannað jóladagatal. MYND/ERNIR

MYNDASAGA SEM TELUR DAGANA

HEIMILI *Gerður Steinars, iðnhönnuður og myndskreytir, hannaði litlar gjafaöskjur sem telja dagana fram að jólum. Í öskjurnar er tilvalið að setja uppáhaldssúkkulaðið, myndir eða skemmtilegar orðsendingar.*

Mér datt í hug fyrir ári síðan að hanna jóladagatal. Þá var ég sjálf að gera klemmudagatöl eins og hefur verið vinsælt en langaði til að setja eitthvað smálegt með eins og límmiða handa krökkunum, uppáhaldssúkkulaðið eða myndir og þá væri hentugra að hafa öskju. Það er líka miklu skemmtilegra að opna gjafaöskjur. Ég ákvað því bara að búa þannig til sjálf og hófst handa í haust,“ útskýrir Gerður Steinars, iðnhönnuður og teiknari, en Gerður hefur sett á markaðinn skemmtilegt jóladagatal úr pappír sem hún myndskreytir sjálf. Dagatalið er íslensk framleiðsla.

„Dagatalið kemur í flötum pakkningum og fólk setur það saman sjálft. Það er margnota og hægt að nota ár eftir ár með ólíku innihaldi. Hugmyndin er að hver geti sett það sem hann vill í dagatölin, en mörg dagatöl á markaðnum eru með einhverju ákveðnu innihaldi,“ segir Gerður.

Myndskreytingin á öskjunum er myndasaga á aðventunni. Fyrstu dagana er bjartara yfir en smám saman dimmir og fleiri jólaljós kvikna í gluggum og í umhverfinu sem hefur íslenska skírskotun.

„Það er tilvísun í Ísland í teikningunum, það sést í íslensk fjöll og fiskiskip,“ útskýrir Gerður.

Hún vill ekki kannast við að vera forfallið jólabarn þótt jólunum fylgi alltaf notaleg tilfinning.

„Ég er ekki ein af þeim sem fara að skreyta snemma og byrja yfirleitt ekki að hugsa um jólin fyrr en í desember. En jólunum fylgir alltaf sama notalega tilfinningin sem maður man frá því maður var barn. Ég hef haldið jól í Noregi, í Frakklandi og á Ítalíu og það fylgir önnur tilfinning jólunum hér heima, einhver stemming og sérstök upplifun. Ég er ekki föst í neinum hefðum og í jólamatinn er ekkert endilega alltaf það saman, bara eitthvað gott.“

Dagatalið er meðal annars komið í hillurnar í Epal, Aurum, Mýrinni og í Sirku á Akureyri og í vefverslunina snuran.is.

Er von á fleiri vörum?

„Það skemmtilegasta sem ég geri er að teikna og myndskreyta og ég er með fullt af hugmyndum í maganum.“

NÝTT DAGATAL Gerður Steinars, iðnhönnuður og myndskreytir, hannaði jóladagatal sem komið er í búðir, meðal annars í vefverslunina snúran.is MYND/GERÐUR STEINARS

GJAFAÖSKJUR „Það er líka miklu skemmtilegra að opna gjafaöskjur.“

MYNDASAGA Teikningarnar breytast þegar nær dregur jólum, það dimmir meira og fleiri jólaljós kvikna í húsunum.

FJÖLL OG FISKISKIP Myndskreytingarnar vísa í Ísland.

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali | Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi | Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali | Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð | Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** 530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR www.fasteignasalan.is

Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

Ástu Sólliljugata 1 n.h.
Opið hús mánud. 24. nóv. kl. 17:00-17:30

38,8 m

- Rúmgóð 4ra herbergja, 150 fm jarðhæð
- 3 MJÖG rúmgóð svefnherbergi
- Sérinngangur. Þvottahús innan íbúðar
- Stórkostlegt útsýni.
- Sveitarómantík í borginni
- SKIPTI MÖGULEG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Eyjabakki 13 íb. 201
Opið hús miðv.d. 26. nóv. kl. 17:00-17:30

26,5 m

- Rúmgóð 4ra herbergja, 104,8 fm
- 3 svefnherbergi
- Þvottahús og búr/geymsla innan íbúðar
- 16,2 fm geymsla í sameign með gluggum
- Suðursvalir
- Góður vel umgenginn stigagangur
- Húsi vel viðhaldið

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is

Íbúðar- og atvinnu-húsnæði við Laufbrekku í Kópavogi.

Stór eign í Kópavogi

Fasteignaland, sími: 577-5500 kynnir: Glæsilega eign við Laufbrekku í Kópavogi, 228,5 fm tveggja hæða hús innst í botnlanga auk þriggja atvinnuhúsaeininga sem eru 155,8 fm, 84,2 fm og 59,4 fm eða samtals 299,4 fm.

Íbúðarhúsnæði: Komið er inn í flísalagða forstofu með góðum skápum. Þaðan er gengið inn í miðjuhol og inn í önnur rými hússins. Á jarðhæð er rúmgóð stofa með fallegum arni, hátt til lofts og útgengt út á stóra timburverönd sem snýr í suður. Gott eldhús með borðkrók og búri inn af. Á jarðhæð er rúmgott þvottahús með glugga og geymslu inn af, baðherbergi með sturtu og baðkari, svefnherbergi með góðum skápum og dagstofa sem má breyta í herbergi. Á efri hæðinni er í dag eitt stórt rými, herbergi, súðargeymsla og baðherbergi. Tvö herbergi. Svalir eru á vesturhlið hússins.

Atvinnuhúsnæðið er í dag í leigu, annars vegar tvö stærri rýmin saman, sem hýsa verslun og lager og hins vegar litla rýmið sem er leigt út sem íbúðareining. Aðkoma er frá Auðbrekku en húseignin stendur við gatnamótin Auðbrekka/Dalbrekka. Góð aðkoma. Verð á íbúðarhluta er 54,9 milljónir og heildarhúsi er 97 milljónir.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Ingi Andrésson, löggiltur fasteignasali, sími 897-4210 eða halldoringi@fasteignaland.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Flugumýri 28 - 270 Mosfellsbær

Til leigu: Gott 275 m2 atvinnuhús-næði. Um er að ræða vinnslusal með 2 stórum innkeyrsluhurðum og mikilli lofthæð. Milliloft sem skiptist í opið rými sem hægt er að nota sem skrifstofurými eða geymslurými, baðherbergi og kaffistofu. Gólfflötur er ca. 195 m2 og milliloft ca. 80,0 m2. **Leiguverð: 450.000 kr á mánuði.**

Skeljatangi 17 - 270 Mosfellsbær

Falleg 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi. Stór afgirt timburverönd í suður. Vinsæll staður rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 29,7 m.**

Álmholt 15 - 270 Mosfellsbær

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

86,2 m2, 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð með sérinngangi í fjórbýlishúsi neðst í botnlanga við Álmholt 15 í Mosfellsbæ. **V. 24,4 m**

Trönuhólar 14 - 111 Reykjavík

288,8 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með auka íbúð og bílskúr við Trönuhóla 14 í Reykjavík. **V. 56,3 m.**

Langholtsvegur 33 - 104 Rvk.

131,2 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara og 42,8 m2 bílskúr sem er búið að innrétta sem íbúð við Langholtsveg 33 í Reykjavík. **V. 39,9 m.**

Skuggabakki 2 - 270 Mos.

Mjög gott 53,2 m2 8 hesta hesthús við hesthúsahverfinu í Mosfellsbæ. Húsið er endurgert nánast frá grunni árið 2012. Fjórar rúmgóðar 2ja hesta stíur. Kaffistofa með innréttingu og borðkrók. Salerni. Hnakkageymsla og hlaða. Gott sérgerði er fyrir framan húsið. **Lækkað verð. V. 7,9 m.**

Flugumýri - 270 Mosfellsbær

129,9 m2 iðnaðarhúsnæði við Flugumýri 24-26 Mosfellsbæ. Góð innkeyrsluhurð og malbikað bílaplan. **V. 16,5 m.**

Kvíslartunga 118 - 270 Mosfellsbær

282,5 m2 einbýlishús á 2. hæðum við Kvíslartungu 118 í Mosfellsbæ. Hús sem gefur mikla möguleika m.a á aukaíbúð. Eignin er skráð 282,5 m2, þar af íbúð 246 m2 og bílskúr 36,5 m2. **V. 36,5 m.**

Nýtt á skrá Laus strax

Laugarnesvegur 52 - 105 Reykjavík

101,8 m2 íbúðarhúsnæði sem er tvær íbúðir, við Laugarnesveg 52 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin er skráð 101,8 m2, þar af íbúð 73,6 m2 og vinnuherbergi 28,2 m2. V. 28,9 m.

Nýtt á skrá Laus strax

Laxatunga – nýbygging

493,1 m2 einbýlishús á tveimur hæðum í byggingu við Laxatungu 9 í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 493,1 m2, þar af kjallari 240,5 m2. Efri hæð er klædd að utan með flísum, steyptur kjallari og timbur efri hæð. Útveggir eru einangraðir og loft. Húsið er klætt að utan með flísum. Lóð er grófjöfnuð. **V. 39,7.**

Álafossvegur 23 -270 Mosfellsbær

Vorum að fá í sölu 257,2 m2 húsæði í þessu sögufræga húsi í Álafosskvosinni. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin skiptist í dag í stóran sal sem er búið að stúka niður með léttum milliveggjum og flísalagt baðherbergi með sturtu. Húsnæðið er að mestu leiti óeinangrað. V. 27,0 m.

Laus strax

Uglugata 52-54 - 270 Mosfellsbær

Nýjar 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi í nýju fjórbýlishúsi sem nú er í byggingu í Helgafellslandinu í Mosfellsbæ. Mjög fallegur staður, stutt í skóla og íþróttasvæðið að Varmá. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum og innréttingum. Afhending í febrúar 2015.

Uglugata 52 136,2 m2 íbúð á jarðhæð V. 38,9 m.

Uglugata 54 150,8 m2 íbúð á 2. hæð V. 41,8 m.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisli@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Mururimi. Parhús á tveimur hæðum.

Fallegt og vel skipulagt 178,3 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 18,3 fm. bílskúr við Mururima. Fjögur svefnherbergi. Stofa með útgengi á svalir til norðurs og vesturs. Rúmgott eldhús með hvítum innréttingum, eldunareyju og góðri borðaðstöðu. Tvö vel innréttuð baðherbergi. Lóð með hellulagðri innkeyrslu og stéttum og hellulagðri verönd og tyrfðri flöt til vesturs og suðurs aftan við hús.

Verð 49,5 millj.

Búðagerði. 2ja herb. íbúð auk útleigurýmis í kjallara.

Vel skipulögð 46,7 fm. íbúð á 1.hæð auk 5,0 fm. sér geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað í Smáíbúðahverfinu. Íbúðinni fylgir 35,6 fm. rými í kjallara þar sem innréttuð er ósamþykkt íbúð sem hægt er að leigja út. Flísalagðar svalir til suðurs út af stofu. Íbúðin er vel staðsett í húsinu og snýr inn í garð. **Laus til afhendingar fljótlega.**

Verð 27,9 millj.

Álakvísl. 2ja herbergja íbúð með sérinngangi.

2ja herbergja 79,5 fm. íbúð með sér inngangi á neðri hæð í fallegu litlu fjölbýlishúsi. Nýlegt parket er á íbúðinni. Björt stofa með útgengi á hellulagða skjólgóða verönd til suðurs. Rúmgott svefnherbergi. Geymsla innan íbúðar og þvottaaðstaða á baðherbergi.
Íbúðin er laus til afhendingar strax.

Verð 24,9 millj.

Akraland – Garðabæ - Byggingarlóð á frábærum stað við „lækinn“

Lóðin er 746,0 fermetrar að stærð og stendur við Sunnakur nr. 3, neðst í Akralandinu, alveg við „lækinn“ og steinsnar frá Hofsstaðaskóla og íþróttahúsi Stjörnunnar.
Byggja má einbýlishús á tveimur hæðum allt að 600 fermetrar. Búið er að jarðvegsskipta út allri lóðinni.

Lóðin er eins sú best staðsetta í Akralandinu í lokuðum botnlanga og með góðri aðkomu.

Haukshólar. Frábær útsýnisstaður

277,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með sér-íbúð á neðri hæð og bílskúr á frábærum útsýnisstað. Eignin er upphaflega innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt og eru innréttingar hannaðar af Lovísu Christiansen. Rúmgott hol/setustofa með arni sem hannaður er af Vífli Magnússyni. Miklar innréttingar í eldhúsi. Ræktuð lóð með um 40 fm. verönd. **Mikils útsýnis nýtur frá eigninni til norðurs, Esjunnar, Akrafjalls og víðar.**

Verð 66,0 millj.

2JA HERBERGJA

FÍFUMÝRI – GARÐABÆ. 2JA HERB.
Til leigu 62,5 fm. íbúð með sérinngangi á neðri hæð í einbýlishúsi í Fífumýri í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, lítið vinnuherbergi, svefnherbergi og baðherbergi. Eldhús, borðstofa og stofa eru í einu stóru rými. Íbúðin er nýmáluð. Sér bílastæði.
Leiguverð 160 þús. pr. mán.

2JA HERBERGJA

EIÐISTORG– SELTJARNARNESI. Falleg og vel skipulögð 78,1 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð með stórum svölum til suðurs og austurs í góðu fjölbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Mikil lofthæð er í íbúðinni og kamína er í stofu. Rúmgóð og björt stofa með kamínu. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar auk sér geymslu í kjallara.
27,9 millj.

2JA HERBERGJA



SNORRABRAUT.
Góð 65,9 fm. íbúð á 3. hæð að meðtaldri 6,1 fm. geymslu. Íbúðin er á efstu hæð og skiptist í forstofu/hol, eldhús með eldri innréttingu, herbergi með útgangi á svalir til austurs, rúmgóða stofu og baðherbergi. **Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.**
23,9 millj.

3JA HERBERGJA

SELVOGSGRUNN. 3JA HERBERGJA
Mjög snyrtileg og rúmgóð 93,5 fm. íbúð á 1. hæð í fallegu fimm íbúða steinhúsi. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð m.a. stór hluti af gleri, baðherbergi og gólfefni. Góðar svalir til vesturs. Húsið var allt sprunguviðgert og málað að utan árið 2010.
32,4 millj.

Grænlandsleið- Grafarholti.

Glæsilegt 166,2 fm. sérbýli á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi auk 38,8 fm bílskúrs, samtals 205 fm. að stærð. Mjög vönduð og fallega innréttuð eign. Stofa/borðstofa með stórum gluggum í þrjár áttir og frábæru útsýni. Úr stofum er útgengi á stóra þakverönd. Lóðin er mjög falleg og er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við. Garðrýmið tengist stórri þakverönd með útsýni móti norðri og vestri. Stórt bílaplan fyrir framan bílskúr. **Vel staðsett eign innst í götu. Verð 64,9 millj.**

Borgartún 6 – Til leigu eða sölu.

Glæsilegt og einstaklega vel staðsett 258,8 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í lyftuhúsi við Borgartún (gamla rúgbrauðsgerðin). Eignin var endurnýjuð að mestu árið 2007 og síðar með vönduðum innréttingum, gólfefnum og hurðum. Hluti skrifstofa eru lokaðar af með gleri. Lofthæð er um 4 metrar. **Eignin er laus til afhendingar frá 1. janúar 2015.**

Vesturbrún.
Frábær staðsetning.

Stórglæsilegt 273,2 fm. (skráð 259,2 fm) einstakt einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað við opna svæðið í Vesturbrún. Húsið er teiknað af Halldóri Gíslasyni að innan sem utan og er einstakt að allri gerð, frábærlega skipulagt og með miklum og vönduðum sérsmíðuðum innréttingum. Setustofa með arni og útbyggðum glugga til suðurs. Koníaksstofa með mikilli lofthæð. Borðstofa með gólfsíðum gluggum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Lyfta er í húsinu. Glæsileg skjólgóð afgirt og mjög prívat baklóð.

Verð 90,0 millj.

Kirkjulundur 12 – Garðabæ. 2ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

85,6 fm. íbúð á 1.hæð með afgirtri verönd til norðausturs. 6,6 fm. geymsla merkt 0004 í kjallara fylgir eigninni. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni og lyfta er í húsinu. Íbúðin er fullbúin með gólfefnum (eikarparket) og búið að flísaleggja baðherbergi og þvottaherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar. Staðsetning er afar góð í miðbæ Garðabæjar.

Verð 33,4 millj.
Verið velkomin.

Arnarás – Garðabæ. Efri sérhæð.

Mjög falleg 5 herbergja 134,6 fm. efri sérhæð með fallegu útsýni í Ásahverfinu. Miklar innréttingar úr kirsuberjaviði eru í eldhúsi og útsýni er að Esjunni, yfir Garðabæ að Kópavogi og víðar. Skjólsælar svalir til suðvesturs út af stofu. Sjónvarpshol og þrjú rúmgóð svefnherbergi. Góð aðkoma er að húsinu og fjöldi bílastæða er á lóð.

Verð 42,9 millj.

SÉRBÝLI

STARHÓLMI - KÓPAVOGI.

Mjög gott 196,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr vel staðsett innst í botngötu. Mögulegt væri að gera aukaíbúð á neðri hæð hússins. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. hefur verið skipt um eldhúsinnréttingu og tæki, nánast öll gólfefni, baðherbergi á efri hæð verið endurnýjað og ofna- og raflagnir. Stórar og bjartar stofur .

54,9 milllj.

SIGURHÆÐ – GARÐABÆ.

Mjög fallegt og vandað 292,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum í Hæðahverfinu í Garðabæ.Eldhús er nýlega endurnýjað með vönduðum innréttingum og tækjum. Nýtt og vandað aðal baðherbergi. Samliggjandi stofur með arni. Fimm herbergi. Ný gólfefni að hluta og hiti í gólfum að hluta. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins og geymsluris er yfir hluta hæðarinnar. Eignaskipti möguleg

74,9 millj.

SÉRBÝLI

EYVINDARHOLT. EINSTÖK STAÐSETNING

Glæsilegt og algjörlega endurbyggt frá grunni 240,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum sem er búið að skipta í þrjár íbúðir sem eru allar með sérinngangi. Húsið stendur á 2.532 fm. eignarlóð og er einstakt útsýni af báðum hæðunum. Eldra hús sem stóð á lóðinni var rifið árið 2002 og byggt nýtt hús á grunninum og síðan byggð 84 fermetra vinnustofa við húsið árið 2004 sem er nýtt sem íbúð í dag.

STRÝTUSEL.

Einbýlishús á tveimur hæðum samtals að gólffleti 219,0 fm. að meðtöldum 48,6 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með aukinni lofthæð. Sólskáli. Eldhús með útgangi á lóð. Fjögur herbergi auk sjónvarpsstofu þar sem möguleiki væri að útbúa herbergi í hluta rýmisins. Lóðin er ræktuð og frágengin með hellulagðri verönd.

Eign í grónu og skjólsælu hverfi.

54,0 millj.

4RA - 6 HERBERGJA

SJÁVARGRUND- GARÐABÆ. 5-6 HERBERGJA ÍBÚÐ.

Mjög góð 5-6 herbergja íbúð með sérinngangi. Íbúðin er á tveimur hæðum með sér andyri á 1.hæð auk herbergis án glugga og geymslu í kjallara samtals að birtu flatarmáli 170,9 fm. Auk þess fylgir bílastæði í bílakjallara 20,5 fm. Birt stærð heildareignarinnar er 191,4 fm. Opið eldhús með nýlegri innréttingu. Rúmgóð stofa með góðri lofthæð og útgangi á svalir til suðurs.

46,0 millj.

KELDULAND. 4RA HERBERGJA ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Falleg 85,8 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í Fossvoginum. Mjög stórar svalir til suðurs með nýklæddu viðargólfi og frábært útsýni yfir Fossvoginn, að Bláfjöllum, Reykjanesi og víðar. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl árum m.a. eldhúsinnrétting og tæki, innihurðir, gólfefni o.fl. Nýjar hurðir eru úr íbúðum og í stigahús. Hús að utan nýlega málað og viðgert. Frábær staðsetning.

32,3 millj.

Vatnsstígur. Glæsileg útsýnisíbúð á 12. hæð.

Glæsileg 136,6 fm. útsýnisíbúð með suðursvölum á 12. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum við Vatnsstíg auk sér bílastæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu í kjallara hússins. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta og útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt, bæði til suðurs að Reykjanesi, út á sundin og að Snæfellsjökli. Björt stofa með arni. Sjónvarpshol. Opið eldhús með eldunareyju. Húsið er allt mjög vandað og sameign er öll 1. flokks. Tvær lyftur eru í húsinu.

Móaflöt 12 . Glæsilegt einbýlishús á Flötunum í Garðabæ

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45

1	8	3	5	6	4	7	2	9
4	5	2	8	7	9	3	1	6
2	1	9	4	8	5	6	7	3
3	6	8	9	1	7	5	4	2
5	4	7	6	3	2	9	8	1

7	9	5	3	8	2	1	4	6
3	4	1	9	5	6	2	7	8
2	6	8	1	7	4	9	3	5
8	5	6	2	4	7	3	9	1
9	7	3	5	1	8	4	6	2
4	1	2	6	3	9	8	5	7
5	8	7	4	2	3	6	1	9
1	3	9	8	6	5	7	2	4
6	2	4	7	9	1	5	8	3

7	8	2	5	9	3	6	1	4
6	4	3	2	1	8	5	7	9
9	5	1	7	6	4	8	2	3
3	6	4	8	7	1	9	5	2
1	2	5	9	3	6	7	4	8
8	7	9	4	2	5	3	6	1
4	9	8	6	5	2	1	3	7
2	3	6	1	8	7	4	9	5
5	1	7	3	4	9	2	8	6

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Eftir því sem ég eldist meira langar mig mest af öllu til að prjóna.“

Tracey Ullman.



KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. skrá, **6.** kúgun, **8.** móðurlíf, **9.** nugga, **11.** ónefndur, **12.** yndi, **14.** gróðabrall, **16.** skóli, **17.** hár, **18.** umfram, **20.** Í röð, **21.** snudda.

LÓÐRÉTT
1. mælieining, **3.** fæddi, **4.** leiðbeining, **5.** beita, **7.** baunategund, **10.** drulla, **13.** þvottur, **15.** gróft orð, **16.** skraf, **19.** mun.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. bóka, **6.** ok, **8.** leg, **9.** núa, **11.** nn, **12.** nautn, **14.** brask, **16.** ma, **17.** ull, **18.** auk, **20.** að, **21.** snuð.
LÓÐRÉTT: 1. tonn, **3.** ól, **4.** kennsla, **5.** agn, **7.** kúabaun, **10.** aur, **13.** tau, **15.** klám, **16.** mas, **19.** ku.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.863) tryggði sér heimsmeistaratitilinn í gær með sigri á Vishy Anand (2.792) í elleftu skák heimsmeistaraeinvígisins.

Hvítur á leik:

36. Hxc7+! Hxc7 37. Rxc7 Kc6 (37. ... Kxc7 38. Hc1 og maður fellur) **38. Rb5! Bxb5 39. axb5+ Kxb5 40. e6 b3 41. Kd3 Be7 42. h4! a4 43. g5! hxg5 44. hxg5 a3 45. Kc3** og Anand gafst upp. Lokatölur urðu 6½-4½ Carlsen í vil.

www.skak.is: Úrslit Íslandsmóts eldri skákmanna.

NÝ LÍNA AF BAÐINNRÉTTINGUM FRÁ IFÖ

Baðinnréttingarnar eru fáanlegar: hvítar háglans – hvítar mattar – ljósbrúnar – dökkgráar – svört eik

Allt í baðherbergið frá A til IFÖ.

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is

TENGI

MENNING

LEIKSTJÓRINN Í AKSJÓN Hlín Agnarsdóttir leiðbeinir hluta leikkvennanna á æfingu í Iðnó.
MYND: SALVÖR ARADÓTTIR

Flottar konur með skrautlegt sálarlíf

Sál mín var dvergur á dansstað í gær nefnist ljóðagjörningur sem Leikhúslistakonur 50 plús sýna í Iðnó í kvöld. Gjörningurinn er unninn upp úr ljóðum skáldkonunnar Steinunnar Sigurðardóttur og leikstjóri er Hlín Agnarsdóttir.

Þetta er ljóðagjörningur sem þýðir það að við ætlum ekki bara að lesa ljóðin og flytja þau heldur aðeins leika þau líka," segir Hlín Agnarsdóttir, leikstjóri ljóðagjörningsins Sál mín var dvergur á dansstað í gær, sem unninn er upp úr ljóðheimi Steinunnar Sigurðardóttur og verður sýndur í Iðnó í kvöld. „Það er svo mikið leikhús og samtal í ljóðum Steinunnar sem við nýtum okkur í sýningunni," bætir Hlín við.

Þátttakendur í gjörningnum eru listakonur úr hópnum Leikhúslistakonur 50 plús sem starfað hefur í Iðnó síðan í september. „Þetta eru listakonur, leikkonur og tónlistarkonur og við göngum dálítið langt í því að nýta okkur leikhúsið til þess að koma þessum texta á framfæri," útskýrir Hlín. „Ljóð og leikhús standa svo nálægt hvort öðru þannig að það er mjög gaman að vinna með það."

Það er sannkallað stórskotalið listakvenna sem að sýningunni stendur, en alls koma fram ellefu konur í sýningunni. Söngkonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir hefur samið tónlist við nokkur ljóðanna sem hún mun syngja, Helga Björnsson hannar útlit og umgjörð og Hlín lofar glæsilegu sjóvi. „Þetta eru tíu flottar konur á síðkjólum," segir hún. „Þær eru eins og konurnar hennar Steinunnar sem eru flottar konur með skrautlegt sálarlíf, sem kemur ekki síst fram í ljóðunum."

Steinunn hlaut á dögunum Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar en það vissu listakonurnar að sjálfsögðu ekki þegar skipulagning gjörningsins hófst. „Ég ákvað þetta strax í haust þegar við komum saman, hópurinn," segir Hlín. „Ég hef lengi haft áhuga á að búa til svona gjörning úr ljóðum Steinunnar og raunar langar mig að fara lengra með konseptið og hreinlega búa til alvöru leikhús úr þessum ljóðum. Ég stefni að því ef þetta tekst vel hjá okkur á mánudagskvöldið."

Dagkráin hefst í Iðnó klukkan 20 í kvöld og stendur í um það bil klukkutíma. „Við byrjum bara með þetta eina skipti en ef það gengur vel þá kannski endurtökum við leikinn síðar," segir Hlín.

fridrikab@frettabladid.is

Fótboltadrengir á leið út í lífið

BÆKUR ★★★★☆

Gula spjaldið í Gautaborg
Gunnar Helgason
MÁL OG MENNING

Gunnar Helgason hefur nú sent frá sér síðustu bókina í seríunni um Þróttarann og fótboltakempuna Jón Jónsson. Þessi ber titilinn Gula spjaldið í Gautaborg og gefur fyrri bókunum ekkert eftir. Bækurnar segja frá vinahóp ungra drengja úr Vogaskóla sem æfa fótbolta með Þrótti. Boltinn er þeirra helsta áhugamál þótt stelpur (og strákar, hjá þeim sem hallast í þá átt) skipi sífellt stærri sess.

Í þessari bók heldur liðið til Gautaborgar að keppa á Gothia Cup. Nonni er fyrirliðinn og eiginlega að sligast undan ábyrgðinni, en hann er líka dálítið kvíðinn fyrir ferðinni því hann dreymdi svolítið og reynslan segir honum að taka mark á draumum sínum. Í Gautaborg bíða spennandi ævintýri.

Bókin er, eins og fyrri bækurnar, brjálæðislega hress. Sögumaður talar í fyrstu persónu og lesandinn fær á tilfinninguna að hann sé að segja ferðasöguna eftir á, því stundum segir hann hluti eins og „en það átti nú aldeilis eftir að breytast", sem býr til spennu og er yfirleitt mjög fyndið. Hann er temmilega seinheppinn í stelpumálum, hann Nonni, og höfundi tekst vel að draga fram þær senur á húmorískan hátt. Og bókin er mjög fyndin. Ég hló oft upphátt og það er ein sena í bókinni sem ég las upphátt fyrir alla sem vildu heyra. Og hló meðan ég las.

Gunnar Helgason fjallar í bókunum um alvarleg málefni í bland við hversdagsleikann. Stór vandamál spinnast saman við smávægileg, bara eins og í lífinu, og það er vel gert. Og saman við þetta allt blandast svo nákvæmar

GUNNAR HELGASON

leiklýsingar af fótboltaleikjunum, ég viðurkenni að ég skautaði hratt í gegnum þær, einfaldlega sökum skorts á fótboltaáhuga. Aftur á móti ímynda ég mér að bróðursynir mínir (sem bíða æsispenntir eftir að fá að lesa bókina) muni lesa þær með áfergju.

Rán Flygenring á heiðurinn af frábærum myndlýsingum, líkt og í fyrri bókunum. Ég fletti til dæmis ítrekað fram til að skoða andlitsmyndirnar af söguhetjunum. Alveg frábærar og í takt við húmorinn í bókinni.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Stórskemmtileg og spennandi bók, sem tekur á stórum, mikilvægum málefnum í bland við smærri. Bók fyrir stráka og stelpur. Og gamlar frænkur.

Félags- og faggreina-fundir FIT

nóvember - desember 2014 verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

Reykjavík:
Miðvikudaginn 26. nóvember **kl. 20.00**
Borgartúni 30, 6. hæð

Selfossi:
Fimmtudaginn 27. nóvember **kl. 20.00**
Austurvegur 56, 3. hæð

Vestmannaeyjum:
Mánudaginn 1. desember **kl. 12.00**
Kaffi Kró

Reykjanesbæ:
Mánudaginn 1. desember **kl. 20.00**
Krossmóa 4

Akranesi:
Þriðjudaginn 2. desember **kl. 20.00**
Sunnubraut 21

Málefni fundanna verða lífeyrismál og staðan í kjaramálum.

Öflugt stéttarfélag • fit.is • aukin réttindi

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

Kemur beint úr Juilliard í Kaldalón

Hulda Jónsdóttir fiðluleikari spilar í Kaldalónssal Hörpu ásamt Kristni Erni Kristinssyni á miðvikudagskvöld.

Hulda Jónsdóttir fiðluleikari kemur beint frá Juilliard-skólanum í New York til að spila í Kaldalóni í Hörpu á miðvikudagskvöldið klukkan 20. Með henni leikur Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari. Á efniskránni eru verk eftir Brahms, Debussy, Bartok og Saint Saëns.

Hulda Jónsdóttir, fædd árið 1991, hóf fiðlunám fjögurra ára gömul hjá Sigríði Helgu Þorsteinsdóttur við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Síðar nam hún við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur. Vorið 2009 lauk hún diplómaprófi frá Listaháskóla Íslands og hefur frá hausti þess árs stundað nám við The Juilliard School í New York þar sem kennari hennar er David Chan. Fyrrverandi kennarar hennar við Juilliard eru Robert og Nicholas Mann.

Hulda hefur komið fram sem einleikari og með öðrum við ýmis tækifæri á Íslandi sem og í Noregi, Sviss, Bandaríkjunum og Mexíkó. Hún hefur einnig leikið einleik með ýmsum hljómsveitum, meðal annars tvívegis með Sinfóníuhljómsveit Íslands. - fsb

FIÐLULEIKARINN Hulda hefur komið fram sem einleikari og með öðrum við ýmis tækifæri á Íslandi og verður í Kaldalóni á miðvikudagskvöldið.

TÓNSKÁLDIÐ Ástardrykkurinn er ein vinsælasta ópera Donizettis.

MYND: WIKIPEDIA

Ástardrykkurinn sýndur í Háskólabíói

Sena sýnir í samstarfi við The Royal Opera House óperuna L'elisir d'amore, eða Ástardrykkinn, eftir Donizetti í beinni útsendingu í Háskólabíói á miðvikudaginn, 26. nóvember, klukkan 19.15.

Ástardrykkurinn er gamanópera sem fjallar um tilraunir ungs manns til að vinna hug ungrar konu. Þegar allt annað bregst leitar hann á náðir kuklara nokkurs sem útvegar honum svokallaðan ástardrykk. Að lokum fer þó allt vel, eins og svo oft í óperum, og hin sanna ást sigrar að lokum.

Ástardrykkurinn er ein af allra vinsælustu óperum Donizettis og hefur verið sett upp hérlendis oftar en einu sinni.

Ýlir opnar fyrir umsóknir

Ýlir – tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk hefur hafið umsóknarferli sitt fyrir tónleika og verkefni sem fyrirhuguð eru á árinu 2015. Umsóknarfrestur er til 15. janúar.

Umsóknarferlið er opið fyrir tónlistarmenn, hljómsveitir, hópa og félagasamtök. Stjórn sjóðsins vill hvetja tónlistarmenn og aðra sem hyggja á tónleikahald og skipulagningu tónlistarverkefna í Hörpu, úr öllum geirum tónlistar, til að kynna sér umsóknarferlið og þá möguleika sem stuðningur sjóðsins getur boðið upp á.

SAXÓFÓNLEIKARINN Anna Webber er kanadísk en býr og starfar í New York.

Djasskvöld með Önnu Webber

Á djasskvöldi KEX Hostels annað kvöld kemur fram saxófónleikarinn Anna Webber ásamt tríói píanóleikarans Sunnu Gunnlaugsdóttur. Anna Webber er kanadísk en býr og starfar í New York. Aðrir hljóðfæraleikarar eru þeir Richard Andersson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Þau munu flytja standarda og bebop. Aðgangur er ókeypis. KEX Hostel er á Skúlagötu 28.

LAUGARÁS BÍÓ



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
HUNGER GAMES: MOCKINGJAY	7, 10:20	12
DUMB & DUMBER TO	5:40, 8, 10:30	7
NIGHTCRAWLER	8	16
KASSATRÖLLINN 2D	5:50	L

SAMbio.is

SAMbíó ÁLFABAKKA		
DUMB AND DUMBER TO	KL. 5:40 - 8 - 10:20	7
INTERSTELLAR	KL. 6 - 8 - 10	12
INTERSTELLAR VIP	KL. 5 - 8:30	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40 - 8	L
JOHN WICK	KL. 10:20	16
THE REWRITE	KL. 5:40 - 8	7
ANNABELLE	KL. 10:20	16
TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL	KL. 5:50	L
SAMbíó EGILSHÖLL		
INTERSTELLAR 4K	KL. 8	12
INTERSTELLAR	KL. 6:30 - 10	12
THE RAILWAY MAN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
ST. VINCENT	KL. 8	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
JOHN WICK	KL. 5:40 - 10:30	16
SAMbíó KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
THE RAILWAY MAN	KL. 9	16
INTERSTELLAR	KL. 5:30 - 8 - 9	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
AFINN	KL. 6:20	L
SAMbíó KEFLAVÍK		
THE HUNGER GAMES	KL. 8 - 10:30	12
DUMB AND DUMBER TO	KL. 8 - 10:20	7
SAMbíó AKUREYRI		
THE RAILWAY MAN	KL. 8	16
INTERSTELLAR	KL. 5:10 - 8:30 - 10:20	12
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ	5%	
MOCKINGJAY	KL.5.15-5.45-7-8-8.30-10.40-23.10	12
MOCKINGJAY LÚXUS	KL.5.15-8-10.40	12
DUMB AND DUMBER	KL.4.30-5.30-8-10.20	7
GONE GIRL	KL.10	16
KASSATRÖLLIN ÍSL.TAL 2D	KL.3.30	L

HÁSKÓLA BÍÓ	5%	
MOCKINGJAY PART1	KL.6-8-9	12
DUMB AND DUMBER	KL.5.15-8-10.45	7
ST. VINCENT	KL.5.30-10.30	L
NIGHTCRAWLER	KL.5.15-8	16
GRAFIR OG BEIN	KL.10.30	16

Vinsælastir í jarðarförum

Lagið Always Look on the Bright Side of Life með grínhópnum Monty Python er vinsælasta jarðarfaralagið í Bretlandi, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar. Lagið, sem hljómaði í kvikmyndinni The Life of Brian sem kom út 1979, var vinsælast í þeim 30 þúsund jarðarförum sem voru kannaðar af fyrirtækinu Funeralcare. Á meðal annarra laga sem komust á topp tuttugu voru Angels með Robbie Williams, My Way með Frank Sinatra og You'll Never Walk Alone með Gerry & The Pacemakers.

JOHN CLEESE

Höguðu sér eins og nýgift

Tónlistarhjónin Beyoncé Knowles og Jay Z höguðu sér eins og haningjusöm nýgift hjón í brúðkaupsveislu Solange Knowles, systur Beyoncé, á dögunum.

Fyrr á árinu var orðrómur uppi um að hjónaband þeirra stæði á brauðfótum en það leit ekki út fyrir það í veislunni, að sögn sjónarvotta.

Solange Knowles og Alan Ferguson gengu í hjónaband sunndaginn 16. nóvember og í partíi sem var haldið að lokinni athöfninni dönsuðu Beyoncé og Jay Z eins og vindurinn. „Þau voru í miklu stuði á dansgólfinu. Það leit út eins og þau væru nýgift," sagði heimildarmaður tímaritsins Us Weekly.

BEYONCÉ

HEPPINN Smith hefði líklega verið svekktur að missa af símtalinu.

Sam svarar ekki í símann

Breski söngvarinn Sam Smith missti næstum því af boði um að taka þátt í þrjátíu ára afmælisútgáfu jólalagsins Do They Know It's Christmas?

Lagið var fyrst gefið út árið 1984 til styrktar fórnarlömbum hungursneyðar í Eþíópíu. Smith svarar ekki hringingum úr númerum sem hann þekkir ekki og hafði því ekki hugmynd um að Bob Geldolf væri hinum megin á línunni. Símtalinu svaraði einn af hljómsveitarfélögum Smiths sem var undrandi þegar hann komst að því hver var að reyna að ná í hann.

Geldolf og Smith náðu saman á endanum og sá síðarnefndi sagði það mikinn heiður að fá að taka þátt í verkefninu.

Sími sími

BAKÞANKAR
Berglindar Pétursdóttur

Líf mitt fer að mestu leyti fram á internetinu. Ég er á internetinu allan daginn að vinna og fræðast, grínast, skoða, njósna, hlæja og ranghvolfa augunum. Þegar það er hægt að gera eitthvað á netinu sem er líka hægt að gera í raunheimum, þá gerir maður það á netinu. Panta pítsu, bóka tíma, kaupa hluti, tala við þjónustufulltrúa og svo framvegis. Helst á netinu í símanum svo maður geti verið að horfa á þátt í tölvunni á meðan og haft leikinn í gangi í sjónvarpinu. Og krakkarnir slaka á í iPadinum. Kínversku netfíklarnir sem RÚV sýndi heimildarmynd um í liðinni viku eiga ekki séns í mig.

ÉG hef þó átt einn griðastað þangað sem angar internetsins teygja sig bara ekki og ég get notið hins ævaforna og gamaldags símafrelsis. Þar sem ég get verið frjáls og næstum allsber. Sund. Heimsmynd mín hrundi því um daginn þegar bera fór á selfies af sundlaugarbökkum hér í borg á internetinu mínu.

ÉG skil einfaldlega ekki hvernig fólk getur tekið símann með sér í sund eða blá lón. Eruð þið með aðra höndina uppúr allan tímann? Leggiði símann frá ykkur? Á bakkann? Það er líka blautt þar nefnilega. Hvar er síminn á meðan þið eruð í sturtu? Hvernig farið þið að þessu? OG TIL HVERS?

ÉG vann yfirvinnu öll kvöld í heilan mánuð til að geta keypt mér símann minn og ég tek einfaldlega ekki sénsinn á að hann endi líf sitt í húðflögugröf í heitapotti. Ég þurrka heldur ekki á mér hárið með hárblásara meðan einhver er í baði við hliðina á mér. Þetta eru bara prinsipp.

OG fólk sem tekur símann með sér á klósettið? Óttist þið ekki hið augljósa? Ég heimsótti skemmtistaðasalerni nýlega og eini lausi básinn var með drukknaðan Samsung Galaxy ofan í klósettvatninu. Eigandinn var horfinn að dansa vonleysið af sér.

ÉG hafði ekki taugar í að pissa á hann. Það gæti verið kveikt á myndavélinni.

SAMHUGUR Starfsfólk Þjóðleikhússins efnir til stórtónleika til styrktar Halldóri og fjölskyldu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Halda tónleika til styrktar hljóðmeistara

Meðal þeirra sem koma fram á stóra sviðinu eru Todmobile og Ari Eldjárn.

Efnt verður til stórtónleika í Þjóðleikhúsinu annað kvöld til styrktar Halldóri Snæ Bjarnasyni og fjölskyldu hans. Halldór Snær er 38 ára gamall fjölskyldumaður og hljóðmeistari Þjóðleikhússins, en þar hefur hann starfað á annan áratug. Fyrir nokkrum árum greindist hann með krabbamein í eitlum og blóðmerg en eftir erfiða krabbameinsmeðferð lagðist meinið í dvala. Í haust greindist Halldór Snær aftur og nú með fjórða stigs ólæknandi krabbamein.

Samstarfsfólk Halldórs Snæs ákvað að taka höndum saman og leggja honum og fjölskyldu hans lið. „Okkur langaði til þess að styðja við hann og fjölskyldu hans og ákváðum að efna til þessara tónleika," segir Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Þjóðleikhússins.

Margir landsþekktir tónlistar- og listamenn koma fram á tónleikunum og fjölmargir hafa lýst yfir áhuga sínum á því að koma fram. „Það bætist stöðugt í listann af þeim sem ætla að taka þátt."

Á meðal þeirra sem koma fram eru Todmobile, Moses Hightower, Hellvar, Skúli Mennski, Ari Eldjárn, dj. flugvél og geimskip, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius, Heimilistónar, Frímann Gunnarsson og Þryðjy Kossynn. Kynnir kvöldsins verður Þorsteinn Guðmundsson.

Þryðjy Kossynn er húsband Þjóðleikhússins og er skipað tæknimönnum þess. Halldór hefur spilað með bandinu á gítar og stefnir á að taka lagið með þeim.

„Það er svo fallegt að allt starfsfólkið í húsinu ætlar að gefa vinnuna sína þetta kvöld, það leggjast allir á eitt," segir Sigurlaug en Halldór fer á næstunni í erfiða stofnfrumumeðferð. „Við vitum að þetta er mjög kostnaðarsamt og erfitt fyrir fjölskylduna. Þetta er það minnsta sem við getum gert fyrir góðan félaga."

> **Allt starfsfólkið í húsinu ætlar að gefa vinnuna sína þetta kvöld, það leggjast allir á eitt.**

Tónleikarnir verða haldnir á stóra sviði Þjóðleikhússins og er miðaverð 2.900 krónur en allur ágóði af miðasölu og barsölu þetta kvöld rennur óskiptur til Halldórs og fjölskyldu hans. Miða er hægt að nálgast á Midi.is.

gydaloa@frettabladid.is

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

White God 17.45, 22.15
Borgríki 2 (Eng Sub) 17.30
Jöklarinn 18.00
Turist (Eng Sub) 20.00
Turist 22.30
Clouds of Sils Maria 20.00
20.000 Days on Earth 22.30

Síðustu sýningar:
The Tribe 20.00

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Kominn í vetrarbúning

Veglegur vetrarpakki fylgir

Vetrarpakki að verðmæti 390.000 kr. fylgir öllum Kia Sportage fram að áramótum, **vetrardekk**, **dráttarbeisli** og **skottmotta** — fyrir utan allt hitt. Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, leðurinnrétting, bakkmyndavél, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, 7 ára ábyrgð og margt fleira. Komdu og kíktu í pakkann.

Kia Sportage bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

The Power to Surprise

Verð **6.590.777** kr.

Eða **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia Sportage World Cup Edition 2,0 dísil, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur

Fæst einnig sem 1,7 dísil, framhjóladrifinn á verði frá **4.890.777** kr.

*M.v. 2.950.000 kr. útborgun og bílalán í 84 mánuði. 8,5 % óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,10 %

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Haukar mæta í Vesturbæinn

KÖRFUBOLTI Það er boðið upp á stórleik í Dominos-deild karla í kvöld. Þá tekur topplið KR á móti Haukum.

KR er búið að vinna alla sex leiki sína í deildinni og situr því eðlilega á toppnum. Haukarnir byrjuðu leiktíðina með látum en eru núna komnir í sjötta sætið með átta stig, búnir að vinna fjóra leiki af sex.

Haukarnir eru aftur á móti til alls líklegir og á góðum degi geta þeir velgt hvaða liði sem er undir uggum. KR-ingarnir hafa staðist öll þau próf sem þeir hafa tekið í vetur.

Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og einnig í beinni textalýsingu á Vísi. - hbg

Hættir af heilsufarsástæðum

KÖRFUBOLTI Þjálfaraskipti urðu hjá karlaliði Keflavíkur í körfubolta um helgina þegar Helgi Jónas Guðfinnsson sagði starfi sínu lausu.

Helgi Jónas er að glíma við hjartsláttartruflanir og þurfti að hverfa frá leik Grindavíkur og ÍR á dögunum er hann fann fyrir hjartsláttartrufl-unum.

Í kjölfarið missti hann mikinn mátt og gat ekki stýrt Keflavík gegn Tindastóli. Hann hefur nú tekið þá ákvörðun að hætta. Hann treysti sér ekki til að halda áfram af heilsufarsástæðum.

Þjálfari kvennaliðs félagsins, Sigurður Ingimundarson, hefur tekið við liðinu af Helga Jónasi og mun stýra báðum Keflavíkurliðunum út leiktíðina.

Sigurður er öllum hnútum kunn-ugur hjá Keflavík og verður líklega ekki í vandræðum með að sinna báðum störfum.

„Þetta eru sérstakar aðstæður og Helgi var ekki undir neinni pressu að taka sína ákvörðun. Hann tók þá ákvörðun sem hann taldi vera skyn-samlegasta," segir Falur Harðarson, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur. „Þegar þessi staða kom upp var aldrei annað í stöðunni en

HELGI JÓNAS GUÐFINNSSON.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að ræða við Sigurð. Hann segist ekki enn vera orðinn eins góður þjálfari og hann telur sig geta orðið þannig að hann ætlar að koma inn af krafti þó svo það verði nóg að gera hjá honum." - hbg

SIGURREIFUR Hamilton fagnaði að vonum vel og innilega eftir keppnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Besti dagur lífs míns

Æsispennandi lokadagur í Formúlu 1 endaði sem draumadagur fyrir Bretann Lewis Hamilton. Hann vann keppnina og tryggði sér heimsmeistaratitilinn.

FORMÚLA 1 „Ég náði frábærri ræsingu. Líklega besta byrjun hjá mér á ferlinum," sagði Lewis Hamilton eftir að hafa tryggt sér sigur í Abú Dabí og um leið heimsmeistaratit-ilinn í Formúlu 1.

Hann stakk keppinaut sinn, Nico Rosberg, af á ráslínunni og leit nánast aldrei til baka. Ros-berg lenti svo í vandræðum með sinn bíl, dróst aftur úr og náði aldrei að ógna Bretanum af neinu viti. Hamilton keyrði skynsam-lega allan tímann og gat leyft sér að fagna gríðarlega er hann kom í mark.

„Nico veitti mér rosalega keppni allt tímabilið. Við hittumst fyrst árið 1997 og ég vissi þá að við myndum keppa í framtíðinni. Hann er heiðursmaður og óskaði mér til hamingju," sagði Hamilton en það hefur andað köldu á milli þeirra og skotin gengið í báðar áttir.

„Þetta er besti dagur lífs míns. 2008 var vissulega líka frábært en tilfinningin núna er engu lík. Mér hefur aldrei liðið svona vel áður."

Hamilton er nú búinn að vinna 33 keppnir á ferlinum sem setur hann í fimmta sæti yfir þá ökumenn sem hafa unnið flestar keppnir í gegnum tíðina. Hann vann ellefu keppnir á þessu tíma-bili. Aðeins Michael Schumach-er og Sebastian Vettel hafa gert betur. Þetta er annar heims-meistaratitill Hamiltons og hann er fjórði Bretinn sem nær þeim árangri.

Þó svo það sé ekki beint sterkt vinasamband á milli Hamiltons og Rosbergs þá elti Rosberg félaga sinn uppi eftir keppnina, sýndi af sér íþróttamennsku og óskaði Hamilton til hamingju.

„Ég er auðvitað gríðarlega von-svikinn en á endanum þá átti Lewis þetta skilið. Það sem gerð-ist hjá mér skipti engu máli. Hann stóð sig bara örlítið betur en ég. Ég er stoltur af mínu tímabili," sagði Rosberg.

henry@frettabladid.is

FORMÚLAN 2014

LOKASTAÐAN

Lewis Hamilton, Mercedes	384 stig
Nico Rosberg, Mercedes	317
Daniel Ricciardo, Red Bull	238
Valtteri Bottas, Williams	186
Sebastian Vettel, Red Bull	167
Fernando Alonso, Ferrari	161
Felipe Massa, Williams	134
Jenson Button, McLaren	126

KEPPNI BÍLASMIÐA

Mercedes	701 stig
Red Bull	405
Williams	320
Ferrari	216
McLaren	181
Force India	155
Toro Rosso	30

KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*

6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Rio LX 1.4
Árgerð 5/2013, ekinn 72 þús. km, dísel, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,1/100 km.
2.190.000 kr.

6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Sportage EX
Árgerð 5/2013, ekinn 35 þús. km, dísel, 1995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9/100 km.
4.990.000 kr.

5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Sorento EX Luxury
Árgerð 5/2012, ekinn 76 þús. km, dísel, 1853 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7/100 km.
5.450.000 kr.

6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ KIA Notaðir

Kia Carens EX
Árgerð 3/2014, ekinn 8 þús. km, dísel, 1685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0/100 km.
4.990.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

DEBENHAMS

Sprengidagar halda áfram
21. – 24. nóvember

25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

NEMA **20%** AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM**

*Gildir ekki af öðrum tilboðum
**Gildir ekki af snyrtivörum frá MAC

OPIÐ Í DAG FRÁ KL.
11:00 - 19:00

Finndu okkur á facebook

NÝTT KORTATÍMABIL

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

ENSKI BOLTINN

CRYSTAL PALACE - LIVERPOOL 3-1
0-1 Rickie Lambert (2.), 1-1 Dwight Gayle (17.), 2-1 Joe Ledley (78.), 3-1 Mile Jedinak (81.).

HULL - TOTTENHAM 1-2
1-0 Jake Livermore (8.), 1-1 Harry Kane (61.), 1-2 Christian Eriksen (90.).

Rautt spjald: Gaston Ramires, Hull City (50.).

STOKE - BURNLEY 1-2
0-1 Danny Ings (12.), 0-2 Danny Ings (13.), 1-2 Jonathan Walters (32.).

NEWCASTLE - QPR 1-0
1-0 Moussa Sissoko (78.).

MAN. CITY - SWANSEA 2-1
0-1 Wilfried Bony (9.), 1-1 Stevan Jovetic (19.), 2-1 Yaya Toure (62.).

CHELSEA - WBA 2-0
1-0 Diego Costa (11.), 2-0 Eden Hazard (25.).

EVERTON - WEST HAM 2-1
1-0 Romelu Lukaku (26.), 1-1 Mauro Zarate (56.), 2-1 Leon Osman (73.).

LEICESTER - SUNDERLAND 0-0

ARSENAL - MAN. UTD 1-2
0-1 Kieran Gibbs, sjm (56.), 0-2 Wayne Rooney (85.), 1-2 Olivier Giroud (90.+5).

STAÐAN:

Chelsea	12	10	2	0	30-11	32
Southampton	11	8	1	2	23-5	25
Man. City	12	7	3	2	24-13	24
Man. Utd	12	5	4	3	19-15	19
Newcastle	12	5	4	3	14-15	19
West Ham	12	5	3	4	20-16	18
Swansea	12	5	3	4	16-13	18
Arsenal	12	4	5	3	20-15	17
Everton	12	4	5	3	22-19	17
Tottenham	12	5	2	5	16-17	17
Stoke	12	4	3	5	13-15	15
Liverpool	12	4	2	6	15-18	14
WBA	12	3	4	5	13-17	13
Sunderland	12	2	7	3	12-19	13
C. Palace	12	3	3	6	17-21	12
Hull City	12	2	5	5	14-17	11
Aston Villa	11	3	2	6	5-16	11
Leicester	12	2	4	6	11-18	10
Burnley	12	2	4	6	8-20	10
QPR	12	2	2	8	11-23	8

Í KVÖLD:

ASTON VILLA - SOUTHAMPTON
Klukkan 20.00 í beinni á Stöð 2 Sport 2.

Metið mun standa að eilífu

Argentínumaðurinn Lionel Messi bætti um helgina 50 ára gamalt markamet spænsku úrvalsdeildarinnar. Hann er búinn að skora 253 mörk í deildinni og þessum árangri hefur hann náð aðeins 27 ára gamall.

FÓTBOLTI Met Telmo Zarra hafði staðið frá árinu 1955. Met hans var það glæsilegt að menn áttu ekkert endilega von á að það yrði nokkurn tímann slegið.

Þeir hinir sömu reiknuðu ekki með litla Argentínumanninum Lionel Messi sem slær met nánast í hvert einasta skipti sem hann stígur út á völlinn.

Þessi 27 ára gamli snillingur er nú búinn að skora 253 mörk í deildinni sem er auðvitað ekkert annað en bilun. Þetta á ekki að vera hægt. Messi gerir aftur á móti ítrekað hluti í fótbolta sem eiga ekki að vera mögulegir.

„Hann er einstakur leikmaður. Það verður aldrei neinn eins og hann. Við erum heppnir að fá að njóta hans hæfileika hjá Barcelona," sagði Luis Enrique, þjálfari Barcelona, eftir 5-1 sigurinn á Sevilla um helgina. Þá skoraði Messi þrennu og sló metið með stæl. „Þegar Messi hættir verður hann búinn að sjá til þess að það verði ómögulegt að slá metið."

Það tók Messi 289 leiki að skora þessi 253 mörk. Hann byrjaði að spila fyrir aðalliðið aðeins 17 ára gamall.

Messi skoraði mest þegar Pep Guardiola var með liðið. Hann er farinn að leggja meira upp undir stjórn Enrique en skorar eftir sem áður reglulega. Á árunum fjórum undir stjórn Guardiola skoraði Messi 38, 47, 53 og loks 73 mörk á einu tímabili. Ótrúlegur árangur. Hann skoraði svo 46 mörk í deildinni árið sem Tito Vilanova var þjálfari. Það sem meira er þá skoraði hann gegn öllum hinum liðunum í deildinni þá leiktíð.

KÓNGURINN Messi var gríðarlega vel fagnað er hann sló metið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Zarra féll frá árið 2006, þá 85 ára að aldri. Þá var Messi aðeins á sínu öðru ári með Barcelona og búinn að skora sjö mörk. Zarra náði því aldrei að sjá Messi upp á sitt besta. „Ég er viss um að pabbi er himinlifandi með að Messi hafi slegið metið hans. Messi er auðmjúkur innan sem utan vallar og það kunnum við að meta," sagði dóttir Zarra, Carmen.

Venju samkvæmt var Messi auðmjúkur eftir að hafa slegið enn eitt ótrúlega metið á ferlinum.

„Þegar ég skoraði mitt fyrsta mark í deildinni þá hefði mér aldrei dottið í hug að ég gæti slegið metið sem hinn frábæri Zarra setti," skrifaði Messi á Facebook-síðu sína.

henry@frettabladid.is

Messi sló markametið

Stjarna Barcelona, Lionel Messi, sló um helgina 50 ára gamalt markamet Telmo Zarra. Hann er nú markahæsti leikmaður spænsku úrvalsdeildarinnar frá upphafi. Hann vantaði eitt mark í metið en skoraði þrennu um helgina.

- **2005:** Skorar fyrsta markið sitt í deildinni gegn Albacete. Þá aðeins 17 ára gamall og verður yngsti markaskorari Barcelona í deildinni frá upphafi.
- **2007:** Skorar fyrstu þrennuna í **El Clásico.** Jafnar leikinn í uppbótartíma.
- **2009:** Valinn knattspyrnumaður heims.
- **2010:** Skorar sitt 100. mark í deildinni. Skorar þrennu í sama leik í 8-0 sigri á Almeria.
- **Maí 2012:** Markahæsti leikmaður spænsku úrvalsdeildarinnar í annað sinn. Nær þeim einstaka áfanga að skora 50 mörk.
- **Desember 2012:** Bætir met **Cesars Rodriguez** sem skoraði 190 mörk fyrir Barcelona.
- **Janúar 2013:** Valinn besti leikmaður heims fjórða árið í röð og skorar sitt 200. mark í deildinni.
- **May 2013:** Vinnur sinn 6. deildarmeistaratitil á Spáni.
- **Mars 2014:** Skorar þrennu í El Clásico og verður um leið markahæsti leikmaðurinn í leikjum Barcelona og Real Madrid.
- **Október 2014:** Skorar sitt 250. mark í deildinni í 3-0 sigri á Eibar. Er þá aðeins tveim mörkum frá því að slá met Zarra.

Spænska deildin		Markahæstir			Deildir í Evrópu
Lionel Messi,	Arg	253	ÞÝS	Gerd Müller	365
Telmo Zarra,	Spá	251	POR	Fernando Peyroteo	331
Hugo Sanchez,	Mex	234	HOL	Willy van der Kuijlen	311
Raul,	Spá	228	FRA	Delio Onnis, ARG	299
Alfredo di Stefano,	ARG/SPÁ	227	ÍTA	Silvio Piola	274
Cesar Rodriguez,	Spá	223	ENG	Alan Shearer	260

Heimildir: FC Barcelona, Infostrada, BBC *Myndir: Getty Images* © GRAPHIC NEWS

NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI

▶Tilboð: 2.950.000 kr.
Ford Focus Trend Edition IIL11
Skráður maí 2014, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 23.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.
Í ábyrgð

Vertu með!
FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?
WOW

▶FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

▶Tilboð: 3.290.000 kr.
Mercedes Benz E-Class 200 MAE68
Skráður okt. 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfskiptur
Ekinn 138.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.

▶Verð: 1.090.000 kr.
Ford Fusion Trend KDF45
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 101.000 km.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar - Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreinum
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.

HRESS Neil Warnock, stjóri Palace, fór á kostum á hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rauði herinn skýtur púðurskotum

Liverpool er búið að tapa þremur leikjum í röð.

FÓTBOLTI Raunir Liverpool-manna héldu áfram í gær er liðið mátti aftur sætta sig við tap á Selhurst Park gegn Crystal Palace. Eftir að hafa komist yfir í upphafi leiks gaf Liverpool eftir og tapaði að lokum, 3-1.

„Það er lítið sjálfstraust í liðinu um þessar mundir og það leynir sér ekki á spilamennskunni. Við getum engum kennt um nema okkur sjálfum og sem stjóri axla ég fulla ábyrgð á þessu," sagði Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, súr eftir leikinn. Skal engan undra þar sem Liverpool er búið að tapa þrem leikjum í röð í deildinni núna.

„Við verðum að ná því að verða lið aftur. Það er ljóst að við verðum að leggja harðar að okkur. Eina leiðin til þess að komast í gegnum svona mótlæti er að standa saman. Það þurfa allir að líta í eigin barm og ekki síst stjórinn enda ber hann ábyrgð."

Fótboltinn getur verið grimmur og það fékk Arsenal að reyna um helgina. Þrátt fyrir mikla yfirburði gegn löskuðu liði Man. Utd þá tókst liðinu ekki að skora og var síðan refsað.

Fyrsti útisigur Man. Utd í vetur og sigurinn skaut liðinu upp í fjórða sæti deildarinnar.

„Þetta var frábær sigur. Það er mikið um meiðsli í okkar herbúðum og þrátt fyrir það náðum við að vinna á erfiðum útivelli," sagði Louis van Gaal, stjóri Man. Utd.

„Það eru allir ánægðir með þennan sigur en þetta var bara einn leikur. Við þurfum að fylgja þessu eftir með því að vinna næstu leiki líka. Þá getum við sagt að það sé réttur andi í liðinu. Þá getum við líka horft upp töfluna en ekki niður."

- hbg

SPENNANDI JÓLAGJAFIR!

PHILIPS

27" SKJÁR MEÐ AMBIGLOW

Fyrsti tölvuskjárinn frá Philips með Ambiglow lýsingu sem lætur skjáinn virka stærri með LED lýsingu úr bakhlið skjásins. Herbergið fyllist af skemmtilegri birtu frá skjánum sem gæðir leikjaspilun og kvikmyndaáhorf nýrri upplifun. Skjárinn er einnig með framúrskarandi AH-IPS skjátækni sem gerir hann kristaltæran og bjartan.
Þrjú HDMI tengi.

54.990

PHS-278C4QHSN

23" IPS SKJÁTÖLVA
ASUS 199.990

RAZER KRAKEN PRO
RAZER 23.990

R5 SKJÁKORT OG AMD A8
acer 99.990

24" PHILIPS MEÐ AMVA
PHILIPS 34.990

STORM ENFORCER LEIKJATURN
COOLER MASTER
19.990

20" ACER SKJÁTÖLVA
acer 79.990

120GB SAMSUNG EVO SSD
SAMSUNG 15.990

17,3" INTEL HD+ FARTÖLVA
ASUS 79.990
FULLT VERÐ 89.990

INTEL i5 OG SSD
TOSHIBA 129.990

ASUS BORÐTÖLVA MEÐ INTEL i7
ASUS 139.990

MEKANÍSKT LEIKJALYKLABORÐ
steelseries 14.990

INTEL ATOM QUAD CORE
ASUS 39.990

tl.is

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU FYRIR JÓLIN!

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES	HAFNARFJÖRÐUR
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1	REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	SÍMI 431 3333	Sími 414 1750

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.40
Brestir

Öðruvísi fréttaskýringaþáttur sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttarstjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum.

Í KVÖLD

Mindy Project

STÖÐ 2 KL. 19.50 Í þáttaröðinni fylgjum við eftir Mindy Lahiri sem reynir að koma jafnvægi á einkalífið á meðan hún tekur á vandamálum í vinnunni. Mindy reynir að fóta sig í lífinu með hjálp samstarfssfélaga sinna.

Mike and Molly

STÖÐ 2 KL. 19.25 Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

Eldsnöggt með Jóa Fel

GULLSTÖÐIN KL. 19.45 Sérstakir hátíðarþættir þar sem sjónvarpskokkurinn Jói Fel hjálpar til við undirbúning jólanna. Þar mun jólamatnum vera gert sérstaklega hátt undir höfði, steikinni, smákökunum, meðlætinu og öllu hinu.

Bylgjan kl. 10
Ívar Guðmundsson

Ívar mætir ferskur eftir helgina og byrjar nýja viku með góðri tónlist.

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Ofurhetjusérsveitin
08.05 Wonder Years
08.30 2 Broke Girls
08.50 Mom
09.15 Bold and the Beautiful
09.40 The Doctors
10.20 Galapagos
11.20 Kjarnakonur
11.45 Falcon Crest
12.35 Nágrannar
13.00 Mistresses
13.45 So You Think You Can Dance
15.10 ET Weekend
16.00 Ofurhetjusérsveitin
16.20 Villingarnir
16.45 New Girl
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Mindy Project
19.50 Mike and Molly
20.15 Selfie
20.40 Brestir
21.15 The Newsroom
22.10 Outlander
23.05 Rush
23.50 Modern Family
00.15 The Big Bang Theory
00.40 Gotham
01.25 Stalker
02.10 The Strain
04.30 Selfie
04.55 Outlander
05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT
besta sætið

12:20 Undankeppni EM 2016
14:10 Formúla 1 2014
16:30 Meistaradeild Evrópu
16:55 Spænski boltinn
18:35 NBA
19:00 Dominos-deildin
21:00 Spænsku mörkin
21:30 Spænski boltinn
23:10 Dominos-deildin

SPORT 2
enski boltinn

07.00 Crystal Palace - Liverpool
08.40 Hull - Tottenham
13.10 Newcastle - QPR
14.50 Everton - West Ham
16.30 Hull - Tottenham
18.10 Crystal Palace - Liverpool
19.50 Aston Villa - Southampton
Bein útsending
22.00 Messan
23.15 Football League Show 2014/15
23.45 Aston Villa - Southampton

INN

20.00 Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir**21.30** Stormað

STÖÐ 3

17.05 Wipeout
17.50 Welcome to the Family
18.15 One Born Every Minute US
19.00 The Amazing Race
19.45 The Goodwin Games
20.10 Mind Games
20.55 Graceland
21.45 The Vampire Diaries
22.30 Veep
23.00 Pretty Little Liars
23.45 Treme
00.45 Southland
01.30 The Amazing Race
02.15 The Goodwin Games
02.40 Mind Games
03.25 Graceland
04.10 The Vampire Diaries
04.55 Veep
05.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Ofurhundurinn Krypto **07.22** Lína Langsokkur **07.43** Ævintýraferðin **07.56** Tommi og Jenni **08.00** Kalli á þakinu **08.25** Latibær **08.47** Hvellur keppnisbíll **09.00** Könnuðurinn Dóra **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram **10.24** Svampur Sveins **10.45** Elías **10.55** UKI **11.00** Ofurhundurinn Krypto **11.22** Lína Langsokkur **11.43** Ævintýraferðin **11.56** Tommi og Jenni **12.00** Kalli á þakinu **12.25** Latibær **12.47** Hvellurkeppnisbíll **13.00** Könnuðurinn Dóra **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveins **14.45** Elías **14.55** UKI **15.00** Ofurhundurinn Krypto **15.22** Lína Langsokkur **15.43** Ævintýraferðin **15.56** Tommi og Jenni **16.00** Kalli á þakinu **16.25** Latibær **16.47** Hvellur keppnisbíll **17.00** Könnuðurinn Dóra **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveins **18.45** Elías **18.55** UKI **19.00** Fuglaborgin **20.20** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

17.00 Strákarnir
17.30 Friends
17.55 Arrested Development
18.30 Modern Family
18.55 Two and a Half Men
19.20 Sjálfstætt fólk
19.45 Eldsnöggt með Jóa Fel
20.15 Sisters
21.00 The Mentalist
21.45 The Tudors
22.40 Zero Hour
23.25 Grimm
00.10 Sjálfstætt fólk
00.40 Eldsnöggt með Jóa Fel
01.10 Sisters
02.00 The Mentalist
02.45 The Tudors
03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.45 I Give It a Year
13.20 Playing For Keeps
15.05 Percy Jackson. Sea of Monsters
16.50 I Give It a Year
18.30 Playing For Keeps
20.15 Percy Jackson. Sea of Monsters
22.00 Miss Conception
23.45 The Bourne Legacy
02.00 Intruders
03.40 Miss Conception

RÚV

16.35 Skólaklíkur
17.25 Tré-Fú Tom
17.42 Spurt og sprellað
17.47 Grettir
17.59 Skúli skelfir
18.10 Um hvað snýst þetta allt?
18.15 Táknmálsfrétti
18.25 Orðbragð
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
19.55 Stephen Fry: Út úr skápnum – Fyrri hluti
21.00 1864 Glænýr dönsk sjónvarpsþáttaröð. Þættir byggðir á sannsögulegum atburðum ársins 1864 þegar kom til stríðsátaka milli Dana og Prússa, eins blóðugasta stríðs sem Danir hafa tekið þátt í. Aðalhlutverk: Jens Sætter-Lassen, Jakob Oftebro, Marie Tourell Søderberg, Sidse Babett Knudsen. Leikstjóri: Ole Bornedal. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Óskalögin 1994 - 2003
22.25 Viðtalið
22.50 Konur í evrópskri listasögu
23.45 Hæpið
00.15 Kastljós
00.40 Fréttir
00.55 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
15.00 Judging Amy
15.40 Design Star
16.25 The Good Wife
17.05 Red Band Society
17.45 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Talk
19.50 Rules of Engagement
20.10 Kitchen Nightmares
21.00 Reckless - LOKAÞÁTTUR
21.45 CSI
22.30 The Tonight Show
23.15 The Good Wife
00.00 Ray Donovan
00.45 Reckless
01.35 CSI
02.20 The Tonight Show
03.10 Pepsi MAX tónlis

Golfstöðin

08.05 PGA Tour 2014
13.05 Feherty
13.50 PGA Tour Latinoamerica
14.15 Golfing World 2014
15.05 PGA Tour 2014 - Highlights
16.00 PGA Tour 2014
19.00 Golfing World 2014
19.50 LPGA Tour 2014
21.35 Golfing World 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

ENNEMM / SÍA / NM65807

Við vitum að allt getur gerst í atvinnurekstri

REYNSLA OG SÉRÞEKKING HJÁ FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTU VÍS

Eins og stjórnendur og starfsmenn vita eru nær engin takmörk fyrir því sem getur komið upp á í rekstri fyrirtækja. Sérfræðingar fyrirtækjaþjónustu VÍS bjóða sérsniðna tryggingavernd eftir breytilegum þörfum hvers og eins. Þannig getur þú einbeitt þér að því sem þú gerir best.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís

DRYKKURINN

„Kemur eitthvað annað til greina en rauðvín?“

Guðrún Veiga Guðmundsdóttir, matarbloggari.

Safnar alls kyns ástarbréfum og -játningum

Katrín Helga Andrésdóttir Reykjavíkurdóttir skyggnist inn í sálarfylgsni fólks í verkefni í Listaháskólanum.

„Þetta er mjög krassandi lesning og það kom mér á óvart hverju fólk er tilbúið til að deila,“ segir Katrín Helga Andrésdóttir, meðlimur Reykjavíkurdætra og Hljómsveittrar.

Hún vinnur nú við að safna ástarbréfum fyrir verkefni í Listaháskólanum. „Bæði ókunnugir og nánir hafa sent mér mjög persónulega pósta. Það er ótrúlega fallegt hvað fólk er að opna sig, þó þetta sé nafnlaust þá er þetta samt svo ofboðslega einlægt og tilfinningaþrungið.“

Katrín segir ástarbréfin oft vera afar mismunandi. „Sumir eru með margra blaðsíðna ritgerðir en aðrir eru til dæmis bara með Facebook-skilaboð. Ég hef líka fengið nótur að ástarlagi og geisladisk tileinkaðan ákveðinni manneskju.“ Verkið verður sýnt í Listaháskólanum en Katrín hyggst líka finna annað gallerírými til að sýna bréfin. „Svo væri ég til í að prenta bók með öllum bréfunum en það verður að sjálfsögðu ekki gert án leyfis bréfaritara.“ Katrín tekur jafnframt fram að ef fólk eigi bréf sem það vilji deila sé hægt að senda þau á katrin12@lhi.is.

- þij

Bæði ókunnugir og nánir hafa sent mér mjög persónulega pósta. Það er ótrúlega fallegt hvað fólk er að opna sig.

TILFINNINGAPRUNGIÐ Katrín segir bréfin vera mjög mismunandi. MYND/SAULIUS BARADINSKAS

HRAUSTUR Skóli Pavels leggur áherslu á umhverfismál. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hleypur Kjöl fyrir umhverfismál

Vill vekja athygli á hlýnun jarðar og safna skólastyrkjum.

„Ég hef verið að kenna og læra um umhverfismál í 20 ár. Mig langaði að finna leiðir til að auka vægi þessarar umræðu og að hafa meiri áhrif á þetta alheimsvandamál, hlýnun jarðar,“ segir Bandaríkjamaðurinn Pavel Cenkl.

Hann stendur á bak við framtakið Kjölur Run. Cenkl er íþróttakennari við Sterling College-háskólann í Vermont-fylki sem leggur ríka áherslu á umhverfismál svo sem vistfræði, landbúnað og þol umhverfisins gegn loftslagsbreytingum. Cenkl stefnir á að hlaupa yfir Kjöl næsta sumar en hann heldur nú úti hópsöfnun á síðunni Indiegogo, bæði til að fjármagna ferðina sjálfa og til að fjármagna tvo skólastyrki til Háskólaseturs Vestfjarða og Sterling College. Styrkirnir færu þá í nám tengt umhverfismálum en Cenkl kenndi námskeið hér á landi á vegum Sterling College árið 2007.

Að dreifa boðskapnum gæti veitt öðrum innblástur til að huga meira að loftslagsmálum, sérstaklega íþróttamönnum.

„Að dreifa boðskapnum gæti veitt öðrum innblástur til að huga meira að loftslagsmálum, sérstaklega íþróttamönnum. Ég held að íþrótta- og ævintýrafólk hafi mjög sérstaka tengingu við náttúruna. Ef þú reynir á líkamlegt og andlegt þol þitt úti í náttúrunni verðurðu strax einhvern veginn nátengdari umhverfinu,“ segir hann.

„Ég vil veita íþróttamönnum sem eru sýnilegir í fjölmiðlum og eru fyrirmyndir annarra innblástur til að taka gáfulegar ákvarðanir um sín eigin tengsl við náttúruna.“

- þij

STOLTUR Snorra varð ekki meint af öllum þeim nóttum sem hann eyddi úti síðastliðinn vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Norðurljósin heilluðu

Norðurljósamynd sem sýnir hina fullkomnu íslensku vetrarviku á 27 mínútum.

Snorri Þór Tryggvason er leikstjóri og framleiðandi myndarinnar Icelandic Aurora.

Hún er tekin upp á þriggja ára tímabili og er 27 mínútna löng. „Norðurljósin segja söguna, myndin skiptist upp í sjö kafla sem hver hefur sitt sjónræna þema,“ segir Snorri Þór.

„Kaflarnir byrja allir á sólsetri og enda á sólarupprás. Þetta er okkar sýn á hina fullkomnu íslensku vetrarviku. Ég held reyndar að maður upplifi hana seint þar sem það tók okkur þrjú ár að taka þetta upp,“ segir hann og hlær.

Í myndinni eru 50 þúsund ljósmyndir skeyttar saman og búið til svokallað „timelapse“-myndband. Tónlistin í myndinni er sérsamin af Yagya, Kajak og Pétri Jónssyni. „Hreyfingum norðurljósanna er fylgt eftir með tónum. Það gerir það að verkum að sögulaus saga er farin að vekja tilfinningar.“

Þetta er fyrsta kvikmynd Snorra Þórs en fram til þessa hefur ýmiss konar hönnun og ljósmyndun verið hans aðaláhugamál. „Ég varð fyrir miklum áhrifum frá vini mínum, Pétri K. Guðmundssyni. Við höfum lengi verið stærstu aðdáendur verka hvor annars og honum fannst kominn tími til að fá hreyfingu í myndirnar mínar. Svo var þetta bara svo ofboðslega fallegt að ég gat ekki hætt, það var bara svoleiðis.“

Tökurnar fóru að mestu fram á nóttunni og á 50 stöðum víðsvegar um landið. „Ég persónulega eyddi 89 nóttum úti síðasta vetur og svefnhringur minn er enn þá svolítið ringlaður,“ segir Snorri Þór sem sér samt ekki eftir neinu. „Þetta voru svolítið kaldar og langar setur en vel þess virði á endanum.“

Tökurnar voru ekki alltaf dans á rósum þrátt fyrir að umhverfið væri fallegt. „Þetta var erfitt af ýmsum ástæðum, sumt tók mjög langan tíma og svo getur verið erfitt að halda sér vakandi og það er víst frekar heilsuspillandi að sofna úti í frosti. Ég drakk mikið af kaffi, tei og heitu kakói á meðan á tökunum stóð.“

Ég persónulega eyddi 89 nóttum úti síðasta vetur og svefnhringurinn minn er enn þá svolítið ringlaður.

Myndin verður frumsýnd á netinu á morgun en verður einnig fáanleg á DVD. Meðframleiðendur eru Pétur K. Guðmundsson og Arnþór Tryggvason, sem einnig leikstýrði myndinni með Snorra Þór. Hún verður einnig sýnd í vélum Icelandair, rútum Grayline Iceland og skipum Eldingar.

gydaloa@frettabladid.is

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

NÝTT HJÁ LÚR

Henson Design rúmin eru einnig fáanleg sem rafmagnsrúm. Margir litir í boði. Margar tegundir af rúmgöflum.

Diva tungusófi

Nettur og þægilegur tungusófi. Hann er einnig fáanlegur sem hvíldarstóll, 2ja eða 3ja sæta og öll sæti stillanleg.

Ezzy

Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða

Espace

Léttur og smekklegur sófi. Kemur í fjórum stærðum.

Yuni

Fallegur horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda. Margir litir í boði.

Dawn tungusófi

Flottur og vandaður tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.

Demetra svefnsófi

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.

Mobius

Fáanlegur bæði raf- eða handstýrður. Margir litir í boði. Einnig fáanlegur sem hvíldarstóll.

Italiano

Flottur og mjög þæginlegur sófi. Fáanlegur í nokkrum litum í leðri og áklæði.

Walton hvíldarsófi

Hvíldarstóll í enda, fáanlegur í leðri og áklæði. Hægri eða vinstri tunga.

Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Yrsa á eldgamlan síma

Í viðtali við veftímaritið Nordicstyle Magazine segist glæpasagnahöfundurinn vinsæli **Yrsa Sigurðardóttir** ekki vera dugleg að koma sér á framfæri á samfélagsmiðlunum. Ástæðuna fyrir því segir hún að farsíminn hennar sé frá árinu 2003 og þess vegna geti hún lítið annað gert en að hringja og senda sms-skilaboð úr honum. Yrsa ætlar að fá sér nýjan síma á næstunni, enda virka hnapparnir til að slá inn símanúmer ekki lengur. Miðað við nýjustu fregnir ætti Yrsa að hafa efni á einu stykki snjallsíma því á síðasta ári hagnaðist eignarhaldsfélag hennar um tæpar tíu milljónir króna og greiddi hún sjálfri sér fimm milljónir króna í arð. - fb

Ókeypis á útgáfuhóf

Nýjasta plata **Björns Jörundar Friðbjörnssonar** og félaga í hljómsveitinni Nýdönsk, Diskó Berlín, er núna fáanleg í vínylútgáfu. Platan kom út á geisladiski og í rafrænu formi í haust og hafa lög af henni setið á vinsældalista Rásar 2 meira og minna samfleytt í hálft ár, sem sýnir að hljómsveitin er enn á meðal þeirra vinsælustu á landinu.

Í tilefni af vínylútgáfunni heldur hljómsveitin útgáfupartí og tónleika á skemmtistaðnum Húrra annað kvöld. Aðgangur verður ókeypis og má fastlega búast við góðri mætingu. - fb

Mest lesið VÍSIR

1. „Ég hef aldrei orðið vitni að öðru eins hér í Reykjavík“
2. „Temjum okkur að ræða samfélagsmálin af yfirvegun og með rökum“
3. Loks sigur á útivelli hjá Manchester United | Sjáið mörkin
4. Sjáið Messi slá markametið | Myndband
5. Mikið skorinn í andliti eftir líkamsárás

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

NÓVEMBERTILBOÐ!

SILVIA HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.
Verð nú 32.775 kr.

FÆST Í SVÖRTU, HVÍTU OG BRÚNU

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM